

SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS  
ÁRSSKÝRSLA  
2015-2016



ÁRSSKÝRSLA 2015-2016  
AÐALFUNDUR SA 7. APRÍL 2016

---

# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS .....	4
HARKALEG ÁTÖK Á VINNUMARKAÐI .....	6
NÝTT VINNUMARKAÐSLÍKAN .....	12
MENNTAMÁL .....	14
SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA .....	18
JAFNRÉTTISMÁL .....	21
HVERT FARA PENINGARNIR ÞÍNIR? .....	23
EFNAHAGSMÁL .....	26
STARFSSKILYRÐI ATVINNULÍFSINS .....	29
ÍSLAND ER HÁLAUNALAND .....	33
ERLEND SAMSKIPTI .....	35
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS 2015-2016 .....	37
KYNNING OG MIÐLUN .....	40
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....	46
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015 .....	47
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015 .....	48
VINNUDEILUSJÓÐUR .....	49

## ÁVARP FORMANNS



Í janúar voru undirritaðir kjarasamningar sem tryggja frið á vinnumarkaði til þriggja ára, til ársins 2019. Með samningunum lauk lotu sem staðið hafði meira eða minna samfellt frá ársbyrjun 2015. Samningarnir voru gerðir í kjölfar rammasamkomulags frá því þremur mánuðum áður og höfðu það hlutverk að tryggja öllu launafólki sambærilegar launahækkningar á samningstímanum og koma í veg fyrir svokallað höfrungahlaup þar sem allir hópar leitast við að tryggja sér meiri launahækkningar en fólust í samningum þess sem síðast samdi.

Samningarnir byggðu á svokölluðu SALEK – samkomulagi milli heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði sem gert var í október 2015. Markmið þess er að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar á Íslandi á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis krónunnar og lægri vaxta. Því er ætlað að leggja grunn að sátt á vinnumarkaði til lengri tíma, fela í sér auknið samstarfi og minni átök. Ennfremur er stefnt að auknum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika í landinu.

### Aukinn ávinningur

Samningarnir eru lykll að því að innleiða ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga þar sem ætlunin er að svigrúm til launahækkana í almennum samningum ráðist framvegis af getu útflutningsgreina til að taka á sig aukinn kostnað. Það svigrúm ræðst annars vegar af aukinni framleiðni og hins vegar af samkeppnisstöðu útflutningsins á alþjóðamarkaði þ.e. gengi, vöxtum og almennri innlendri efnahagsþróun.

Samkomulagið var afrakstur þriggja ára vinnu heildarsamtaka á vinnumarkaði, undir forystu ríkissáttasemjara til að tryggja atvinnulífina stöðugleika og launafólki auknum ávinningi að norrænni fyrirmynd.

Launahækkningar ásamt hærri greiðslum í lífeyrissjóði sem fólust í kjarasamningunum í janúar ganga mjög nærri getu fyrirtækjanna. Hættan er sú að komi ekki til mótvægisáðgerða stjórnvalda muni kostnaðurinn fara að stórum hluta út í verðlag. Lykilatriði þeirra áðgerða er að lækka skatta og gjöld, afnema gjaldeyrishöft og draga úr reglubyrdi sem leggst sérstaklega þungt á lítil fyrirtæki. Sérstaklega mikilvæg eru fyrirheit fjármálaráðherra um að tryggingagjald sem leggst á öll laun verði lækkað umtalsvert á næstu árum.

Tími átaka og sundurlyndis sem áberandi var í aðdraganda kjarasamningana á síðasta ári er vonandi að baki. Fyrirtækin þurfa á því að halda að hér ríki stöðugleiki og fyrirsjáanleiki um rekstrarumhverfi. Það er eina leiðin til þau geti einbeitt sér að því að búa til aukin verðmæti með fjárfestingum, rannsóknum, nýsköpun og markaðssókn. Þannig tekst að skapa hér á landi betri lífskjör almennings.

### Horft til framtíðar

Til þess að tryggja efnahagslegan stöðugleika verða allir að stefna í sömu átt. Þótt kjarasamningar tryggji fyrirsjáanleika þá er einnig nauðsynlegt að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum og að peningastefnan styðji við stöðugleikann. Fyrirsjáanlegt er að gríðarleg fjölgun ferðamanna, lágt olíuverð og hagstætt verð sjávararufða muni ásamt miklum fjárfestingum atvinnulífsins leiða til þess að hagvöxtur verði mjög mikill á næstu misserum. Þá er mikilvægt að ríki og sveitarfélög gæti aðhalds á sama tíma til að ekki komi til aukins launaskriðs og of mikillar þenslu.

Ríkissjóður getur aflað nokkur hundruð milljarða króna til að lækka skuldir með því að selja að hluta eða í heild eignir sínar í bönkunum, flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, ÁTVR, Íslandspóst ásamt hlut í Landsvirkjun og Landsneti. Sala eigna getur lækkað árlegar vaxtagreiðslur ríkissjóðs um þriðjung. Ríkissjóður yrði þá vel búinn til þess að takast á við nauðsynlega fjárfestingu í innviðum á næstu árum þegar aðstæður leyfa, en víða hefur myndast mikil þörf til úrbóta, til dæmis í nýjum Landspítala, menntun og samgöngum.

Jafnframt verður Seðlabankinn að sjá til þess að mistök fyrri ára þar sem háir vextir ýttu undir vaxtamunaviðskipti og viðskiptahalla verði ekki endurtekin. Til að tryggja efnahagslegan og fjármáalegan

stöðugleika þarf að fjölga stjórnækjum Seðlabankans. Mikilvægt er að fylgja fordæmum annarra seðlabanka og horfa bæði til verðbólgu- og peningamagnsviðmiða og styðjast við þjóðhagsvarúðartæki sem eru tengd útlánunum, fjármögnun og eigin fé bankakerfisins.

Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að peningastefnan verði endurskoðuð í heild þannig að allir sem að henni koma stefni í sömu átt og hafi sömu markmið um langtíma stöðugleika og efnahagsframfarir.



Björgólfur Jóhannsson.

## HARKALEG ÁTÖK Á VINNUMARKAÐI

Árið 2015 einkenndist af mestu átökum sem hafa verið á íslenskum vinnumarkaði í áratugi. Verkföll voru tíð, vinnudeilur harðar og settar voru fram kröfur í upphafi ársins um 50-70% almenna hækkun launa sem voru dulbúnar sem krafa um sérstaka hækkun lægstu launa í 300 þúsund krónur. Ekkert mat var lagt á áhrif hækkana af hálfu verkalýðshreyfingarinnar á verðbólgu, vexti, verðtryggðar skuldir heimila og fyrirtækja, kaupmátt launa eða atvinnuleysi.

Samtök atvinnulífsins hafa aldrei staðið frammi fyrir jafn miklum launakröfum en fjöldi stjórnámalanna og álitsgjafa stukku á vagninn og studdu kröfurnar þó svo að ávinningurinn yrði minni en enginn yrðu þær samþykktar vegna mikillar verðbólgu og gengisfellingar krónunnar sem fylgdi í kjölfarið.

Kröfur verkalýðshreyfingarinnar þýddu í raun að heildarlauna-kostnaður á Íslandi myndi stökkbreytast úr 1.100 milljörðum króna í 1.650 milljarða króna á ári. Að mati Samtaka atvinnulífsins var raunverulega hætt á að verðbólguhrauginn færi á kreik á ný og verðtryggð lán heimilanna myndu hækka um allt 500 milljarða króna á meðan kaupmáttur ykist aðeins um 2% á þriggja ára tímabili. Fella þyrfti gengi krónunnar til að koma í veg fyrir gjaldþrot útlutningsatvinnuvega. Aðrar atvinnugreinar, ásamt ríki og sveitarfélögum, yrðu að mæta útgjaldaaukningunni með verulegum verð-, gjaldskrár- og skattahækkunum.

Kröfurnar voru settar fram sem sanngjörn láglaunaáðgerð og kynnt þannig fyrir fjölmiðlum og almenningi á meðan sannleikurinn var sá að hæstu laun hefðu hækkað hlutfallslega mest og lægstu laun félagsmanna stéttarfélaganna hlutfallslega minnst.



### Kaldir vindar blása

Um fullkominn viðsnúning var að ræða frá kjarasamningunum sem var skrifað undir í desember 2013 og færðu launafólki umtalsverðan ávinning með hóflegum kauphækkunum að norrænni fyrirmynd. Kaupmáttur jókst um 5,8% og verðbólga hrapaði niður í sögulegar lægðir 2014. Ársverðbólga mældist aðeins 0,8% og stýrivextir Seðlabankans lækkuðu um 0,75%.

Skýringanna er að leita í launaþróun á opinberum vinnumarkaði og í samskiptum stjórnvalda við aðila vinnumarkaðar. Ríki og sveitarfélög sömdu um mun meiri launahækkunir fyrir hluta sinna starfsmanna 2014 en samið var um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og kjarasamningum við stóra hópa opinberra starfsmanna, svo sem félagsmenn BSRB. Þegar annars vegar var samið um 3-5% launahækkunir á almennum vinnumarkaði og hluta þess opinbera, en hins vegar 10-30% launahækkunir við háskólamenntaða starfsmenn hins opinbera, grunn- og framhaldsskólakennara og lækna, myndaðist mikið ójafnvægi á vinnumarkaði.

Launahækkunir þessara hópa urðu sjálfkrafa að kröfum þeirra stéttarféлага sem höfðu lausa samninga í febrúar 2015. Ríki og sveitarfélög mótuðu nýja launastefnu sem stefndi friði á vinnumarkaði í voða. Gamalkunnugt höfningahlaup var hafið og sá ekki fyrir endann á því en það er hvergi þekkt utan Íslands að ríki og sveitarfélög leiði þróunina í kjarasamningum.

### Átakavor

Eftir því sem leið nær vorinu stigmagnaðist ástandið. Hvergi var kvikað frá hinu óbilgjörnu kröfum og hótanir voru uppi um að loka landinu með verkföllum til að knýja fram miklar launahækkunir. Bandalag háskólamanna reið á vaðið og hóf verkfallsaðgerðir í byrjun apríl en um 100 kjarasamningar á almennum vinnumarkaði og annar eins fjöldi hjá hinu opinbera var undir. Samtök atvinnulífsins buðu nýjar leiðir, m.a. að hækka lægstu laun sérstaklega með því að stokka upp gömul og úrelt launakerfi og hækka grunnlaun gegn því að dregið yrði úr yfirvinnugreiðslum.





Með því yrði vinnumarkaður á Íslandi sambærilegri við það sem þekktist í nágrannalöndunum.

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, ræddi hina alvarlegu stöðu á Ársfundi atvinnulífsins 17. apríl 2015.

„Við stöndum frammi fyrir kröfum um 30% - 50% kauphækkanir einstakra verkalýðsfélaga á sama tíma og efnahagslegt svigrúm er fyrir einn tíunda af kröfunum. Forysta verkalýðsfélaganna stefnir félagsmönnum sínum til verkfalla og telur að þótt kröfurnar fáiist samþykktar þá muni það ekki hafa áhrif út fyrir eigin raðir. Kannski telja einhverjir að þetta geti gengið upp hjá fámennum hópum. Að það skiptu engu máli fyrir aðra þótt laun eins hóps hækki hressilega.

En það er ekkert rými fyrir laumufarþega sem geta rífið sig lausa frá samfélaginu. Það fylgjast allir með og sértök launahækkun eins hóps leiðir óhjákvæmilega til aukinna krafna annarra. Enda hefur þorri stéttarfélaganna uppi svipaðar kröfur. Og það er engin leið til að verða við þeim.“

Um kröfugerð háskólamenntaðra starfsmanna hjá hinu opinbera sagði Björgólfur:

„Nú vill svo til að formaður Bandalags háskólamanna, sem leiðir verkfall hópa innan bandalagsins vill endurtaka kjarasamninga bandalagsins, sem hann skrifaði undir 1989. Það er því rétt að rífta upp að í þeim fimm ára samningi fólst að félagsmenn BHM fengu mun meiri launahækkanir en áður hafði verið samið um á vinnumarkaðnum. Að auki skyldu félagsmennirnir fá sambærilegar hækkanir og aðrir næstu árin. Þessi kjarasamningur var gerður eftir sex vikna verkfall meðal annars í framhaldsskólunum. Engin leið var til að samningsaðilar á almenna vinnumarkaðnum gætu sætt sig við þessa niðurstöðu. Enda var samningurinn afnuminn með bráðabirgðalögum í kjölfar þjóðarsáttasamninganna 1990. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve ábyrgðarlaus nálgun formanns BHM er að viðfangsefni sínu.“

Í raun og veru voru markmið allra hópa að enginn fengi meira en þeir – og að þeir fengju meira en aðrir. Björgólfur sagðist sakna þess að enginn forystumaður stéttarfélags hefði áhyggjur af hækkanandi verðlagi og vöxtum, að skuldabyrði fólks myndi aukast, að gengi krónunnar myndi veikjast og nýr verðbólguþráll færi af stað.

„Í aðdraganda þjóðarsáttasamninganna 1990 höfðu helstu forystumenn verkalýðshreyfingarinnar dregið þá ályktun að óstöðugleiki og óðaverðbólga kæmu verst við þá sem lægst



hefðu tekjurnar. Það sama kom einnig berlega í ljós í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þetta á enn við og þeir sem fara verst út úr nýjum kollsteypum eru þeir sem síst mega við áföllum í sínum heimilisrekstri.“

Göran Persson fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar var sérstakur gestur fundarins og fjallaði m.a. um tengsl kjaramála og lífskjara. Persson sagði miklar launahækkningar á skömmum tíma ekki ávísun á raunverulegar kjarabætur vegna verðbólgunnar sem fylgi heldur þvert á móti. Um það vitni saga Svía en verst var ástandið þegar samið var um 14% hækkun launa á einu ári. Í viðtölum við fjölmiðla hvatti Persson fólk um að láta aðila vinnumarkaðarins um kjarasamningana, þeim væri best treystandi til þess. Íslenskir stjórnálmenn tóku lítið mark á því og flýttu sér í ræðustólinn á Alþingi og þar sem þeir hvöttu til þess að gengið yrði að „sanngjörnum kröfum“ verkalýðshreyfingarinnar.

## Verkföll undirbúin

Undir lok apríl var staðan orðin mjög alvarleg og áréttuðu Samtök atvinnulífsins þá að deilurnar yrðu leystar með sameiginlega hagsmuni fyrirtækja og launafólks að leiðarljósi. Verkalýðshreyfingin kom hins vegar sundruð að samningaborðinu, verkalýðsfélögin voru með mjög misleitar kröfur og engin sameiginleg sýn innan þeirra raða um hvert bæri að stefna. Það var því ljóst að það yrði snúið að ná samningum.

Hættan á efnahagslegu tjóni var mikil en m.a. lýsti aðalhafgræðingur Seðlabankans því yfir að stýrivextir bankans yrði hækkaðir í 10% ef samið yrði um 30% hækkun launa á þremur árum. Mat SA var að stýrivextirnir gætu jafnvel farið í 12-14% og uppsöfnuðu verðbólga í 27% á þremur árum. Þetta væri ávísun á að þjóðfélaginu væri stýrt rakleitt í nýja niðursveiflu með fækkun starfa og almennum samdrætti. Samtök atvinnulífsins hvöttu til þess að gerðir yrðu kaupmáttarsamningar í stað verðbólguálagninga.

Verkalýðshreyfingin á almennum og opinberum vinnumarkaði hóf hins vegar undirbúning verkfalla til að ná fram kröfum sínum.

## Teflt á tæpasta vað

Samtök atvinnulífsins lögðu sitt af mörkum til að leysa deilurnar í maí með því að bjóða 23,5% hækkun dagvinnulauna fyrir þriggja ára samningstíma en tilboðið var afgreitt sem blekking af viðsemjendum SA og hvergi kvikað frá yfstrustu kröfum. Tilboðið var hærra en samtökin hafa nokkru sinni lagt fram frá stofnun þeirra. Jafnframt var tilboðið hærra en allar samningsniðurstöður í kjarasamningum frá því á tímum óðaverðbólgunnar á níunda áratugnum. Tilboð SA hefði komið þeim tekjulægstu betur en öðrum og fól í sér að dregið hefði úr kynbundnum launamun. Með þessu tefldu samtökin á tæpasta vað en hætt var við að einhver fyrirtæki gætu ekki staðið undir tilboðinu. Á sama tíma var samið um 2,7% hækkun launa í Noregi árið 2015.

## Afleiðingarnar koma í ljós

Um miðjan maí svöruðu fyrirtæki því hvað myndi raunverulega gerast ef fallist yrði á kröfur um 50-70% hækkun launa á þriggja ára tímabili. Könnun meðal aðildarfyrirtækja SA sýndi að meira en annað hvert fyrirtæki myndi neyðast til að bregðast við svo miklum launahækkunum með fækkun starfsfólks og verulegri hækkun á verði fyrir vörur og þjónustu. Hætta var á að 16 þúsund störf myndu tapast og verðbólga færi á flug. Alls sögðust 86% stjórnenda þurfa að hækka verð á vörum og þjónustu sinna fyrirtækja ef samið yrði um 50-70% launahækkningar næstu þrjú árin.

Undir lok maí var loks boðuðum verkföllum frestað um fimm sólarhringa og samningar tókust föstudaginn 29. maí með gildistíma til ársloka 2018. Samhliða undirritun kjarasamninga kynnti ríkisstjórn Íslands viðamiklar aðgerðir í 11 liðum til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum markaði. Samningarnir náðu til um 70 þúsund manns á almennum vinnumarkaði og þann 23. júní náðust svo sambærilegir samningar við sex stéttarfélög iðnaðarmanna.

Sjá nánari umfjöllun og samninga á vef SA

## Hvenær lýkur leiðréttingu launa?

Í samningunum var samið um 17-20% launahækkningar á þriggja ára tímabili. Það samsvarar líðlega 5% launahækkun að meðaltali á ári. Jafnframt voru forsenduákvæði í samningunum um að semdu aðrir hópar á vinnumarkaði um markvert meiri launabreytingar á þessu tímabili veitti það samningsaðilum heimild til að segja þeim upp. Forsenduákvæðið var skilyrði þess að unnt væri að semja til lengri tíma.

Á sama tíma krafðist Bandalag háskólanna að minnsta kosti 30% hækkunar á launum félagsmanna sinna og þótt ekki væri rætt um kröfur stéttarfélags hjúkrunarfræðinga opinberlega mátti lesa úr yfirlýsingum forsvarsmanna þeirra að gerð væri krafa um 10-15% hækkun umfram það sem BHM semdi um, þ.e. að laun hjúkrunarfræðinga myndu hækka um 40-45% ef BHM fengi sínum kröfum framgengt.



„Sérstök leiðrétting launa“ var frasi sem heyrðist ítrekað í einni eða annarri mynd til að réttlæta kröfugerðirnar þó svo að sameiginleg skýrsla heildarsamtaka á vinnumarkaði sýndi mjög jafna launaþróun mismunandi hópa á árunum 2006-2014. Íslenska höfrungahlaupið var hafið af fullum krafti og ljóst var að eitthvað róttækt þyrfti til að stöðva það.

### Pruma úr heiðskýru lofti

Alþingi stöðvaði verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga með lögum 13. júní og vísaði deilunni til gerðardóms eftir rúmlega 10 vikna verkfall. Dómurinn skilaði niðurstöðu sinni undir lok ágúst en úrskurður hans vakti mikla furðu þar sem laun háskólamanna og hjúkrunarfræðinga voru hækkuð langt umfram það sem almennu samningarnir gerðu ráð fyrir.

Samtök atvinnulífsins gagnrýndu harðlega óvönduð vinnubrögð við vinnu úrskurðarins en til dæmis var bent á að gerðardómur leitaði hvorki til SA né ASÍ vegna kostnaðarútreikninga sem lágu að baki kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Helst leit út fyrir að gerðardómur hafi byggt mat sitt á launahækkunum á almennum vinnumarkaði á kynningarbæklingi frá Eflingu þar sem sérstaklega var verið að kynna hlutfallslegar launahækkningar tekjulægstu stétta.

Samningar sumarsins héngu nú á bláþræði og framkvæmdastjóri SA sagði upp úr miðjum september að þetta gengi ekki lengur.

„Á níunda áratugnum voru laun tuttugufölduð en kaupmáttur jókst á tíu árum um innan við eitt prósent. Við erum að leggja upp í sambærilegan leiðangur þar sem allir munu tapa, skuldir fólks og fyrirtækja stökkbreytast og atvinnutækifæri glatast.

Nú er ekki rétti tíminn til að leita sökudólga en það blasir við að þetta gengur ekki lengur. Jafnframt er ljóst að misræmi í launaþróun einstakra hópa getur ekki orðið grundvöllur að sátt á vinnumarkaði. Hækkarnir launa hafa ekki tekið mið af stöðu efnahagslífsins, sveitarfélögin ráða ekki við þær eins og sjá má af afkomu þeirra og ríkið mun ekki gera það heldur.

Þetta er vond staða en undirstrikar að breyta verður því hvernig samið er um kaup og kjör á almennum og opinberum vinnumarkaði. Ef við höldum áfram á sömu braut mun það skila fólki og fyrirtækjum minna en engu og skerða lífskjör á Íslandi í stað þess að bæta þau.“

## Niðurstöður atkvæðagreiðslna um kjarasamninga 2015

Á kjörskrá	Kjörsókn		Já		Nei		Auðir		
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
<b>Starfsgreinasambandið</b>									
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur	89	39	44	32	82	7	18	0	0
Verkalýðsfélag Snæfellinga	494	164	33	146	89	14	9	4	2
Stéttarfélagið Samstaða	224	56	25	48	86	8	14	0	0
Drífandi stéttarfélag	607	138	23	114	83	23	17	1	1
Verkalýðsfélag Akraness	659	161	24	133	83	26	16	2	1
Verkalýðsfélag Grindavíkur	528	174	33	156	90	16	9	2	1
AFL starfsgreinafélag	1.348	343	25	254	74	81	24	8	2
Aldan stéttarfélag	381	86	23	72	84	14	16	0	0
Báran stéttarfélag	844	120	14	86	72	32	27	2	2
Eining - Iðja	2.311	555	24	408	74	137	25	10	2
Framsýn stéttarfélag	510	133	26	97	73	31	23	5	4
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis	274	116	42	98	84	18	16	0	0
Verkalýðsfélag Suðurlands	590	108	18	97	90	10	9	1	1
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	657	184	28	161	88	19	10	4	2
Verkalýðsfélag Þórshafnar	73	27	37	20	74	7	26	0	0
Samtals	9.589	2.404	25	1.922	80	443	18	39	2
<b>Flóabandalagið</b>	<b>17.085</b>	<b>2.883</b>	<b>17</b>	<b>2.267</b>	<b>79</b>	<b>596</b>	<b>21</b>	<b>20</b>	<b>1</b>
<b>Landssamband íslenskra verslunarmanna</b>									
VR og SA	27.371	5.120	19	3.786	74	1.216	24	118	2
VR og FA	818	214	26	155	72	57	27	2	1
VS	1.049	237	23	149	63	83	35	5	2
Afl	219	35	16	29	83	5	14	1	3
Framsýn	131	30	23	26	87	4	13	0	0
FVSA - SA	1.621	367	23	289	79	74	20	4	1
FVSA - FA	28	10	36	9	90	1	10	0	0
Samstaða	59	13	22	11	85	1	8	1	8
Stéttarfélag Vesturlands	110	16	15	14	88	1	6	1	6
Vlf. Snæfellinga	52	12	23	9	75	3	25	0	0
Vlf. Vestfirðinga	12	7	58	7	100	0	0	0	0
Vlf. Þórshafnar	228	50	22	46	92	4	8	0	0
Vmf. Skagfirðinga	604	117	19	93	79	21	18	3	3
Vmf. Suðurlands	147	40	27	34	85	6	15	0	0
Samtals	32.449	6.268	19	4.657	74	1.476	24	135	2
<b>Félög iðnaðarmanna</b>									
Samiðn	2.252	550	24	327	60	213	39	10	2
RSÍ (FÍR, FR, FTÍR og FÍS)	2.551	1001	39	588	59	390	39	23	2
MATVÍS	1.131	266	24	182	68	82	31	2	1
Grafía	609	353	58	260	74	74	21	7	2
Félag hársnyrtisveina	370	24	7	19	79	2	8	3	13
Mjólkurfræðingafélag Íslands	54	23	43	22	96	1	4	0	0
VM	1.802	531	29	290	55	225	42	16	3
Samtals	8.769	2.748	31	1.688	61	987	36	61	2
<b>Félög utan ASÍ</b>									
Blaðamannafélag Íslands, almennt	365	67	18	61	91	6	9	0	0
BÍ, fyrirtækjasamningur við Árvakur	85	31	36	26	84	5	16	0	0
BÍ, sérsamningur v. Birtings	29	11	38	11	100	0	0	0	0
SSF, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja	4.077	3.311	81	2.105	64	1.082	33	124	4
Samtals	4.556	3.420	75	2.203	64	1.093	32	124	4

Framhald af töflu: Niðurstöður atkvæðagreiðslna um kjarasamninga 2015

	Á kjörskrá	Kjörsókn		Já		Nei		Auðir	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<b>Allar atkvæðagreiðslur um samninga SA</b>									
VR	28.189	5.334	19	3.941	74	1.273	24	120	2
LÍV	4.260	934	22	716	77	203	22	15	2
Flóabandalagið	17.085	2.883	17	2.267	79	596	21	20	1
SGS	9.589	2.404	25	1.922	80	443	18	39	2
Félög iðnaðarmanna	8.769	2.748	31	1.688	61	987	36	61	2
Félög utan ASÍ	4.556	3.420	75	2.203	64	1.093	32	124	4
Samtals	72.448	17.723	24	12.737	72	4.595	26	379	2
<b>Samþykktir samningar SA</b>									
Félög verslunarmanna	32.449	6.268	19	4.657	74	1.476	24	135	2
Félög verkafólks	26.674	5.287	20	4.189	79	1.039	20	59	1
Félög iðnaðarmanna	8.769	2.748	31	1.688	61	987	36	61	2
Félög utan ASÍ	4.556	3.420	75	2.203	64	1.093	32	124	4
Samtals	72.448	17.723	24	12.737	72	4.595	26	379	2
<b>Atkvæðagreiðslur um samninga utan SA</b>									
VR og FA	818	214	26	155	72	57	27	2	1
Samiðn og BGS	676	198	29	108	55	86	43	4	2
Samtals	1.494	412	28	263	64	143	35	6	1
<b>Samþykktir samningar á almennum markaði</b>	<b>73.942</b>	<b>18.135</b>	<b>25</b>	<b>13.000</b>	<b>72</b>	<b>4.738</b>	<b>26</b>	<b>385</b>	<b>2</b>
<b>Felldir samningar</b>									
SA -VM	1.734	630	36	253	40	365	58	12	2
Samiðn - Félag pipulagningarmeistara	137	35	26	15	43	19	54	1	3
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	82	42	51	19	45	22	52	1	2
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	130	63	48	25	40	35	56	3	5
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	57	19	33	7	37	12	63	0	0
Samtals	2.140	789	37	319	40	453	57	17	2
<b>Niðurstæða atkvæðagreiðslna alls</b>									
Samþykktir samningar SA	72.448	17.723	24	12.737	72	4.595	26	379	2
Samþykktir samningar FA og BGS	1.494	412	28	263	64	143	35	6	1
Samtals samþykktir samningar á alm. markaði	73.942	18.135	25	13.000	72	4.738	26	385	2
Felldir samningar	2.140	789	37	319	40	453	57	17	2
Niðurstæða atkvæðagreiðslna alls	76.082	18.924	25	13.319	70	5.191	27	402	2
<b>Niðurstöður atkvæðagreiðslna um kjarasamning SA og ASÍ 21. janúar 2016</b>									
ASÍ	75.635	10.653	14	9.724	91	832	8	97	1
SA (atkvæðafjöldi fer eftir stærð fyrirtækja)	504.317	245.571	49	193.625	79	28.735	12	23.211	9

## NÝTT VINNUMARKAÐSLÍKAN


Heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði skrifuðu undir samkomulag um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga þann 27. október í Iðnó.

Markmið samkomulagsins er að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar á Íslandi á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis krónunnar og lægri vaxta. Með samkomulaginu var lagður grunnur að sátt á vinnumarkaði, auknu samstarfi og minni átökum. Ennfremur er stefnt að auknum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika í landinu.

Samkomulagið er afrakstur af vinnu heildarsamtaka á vinnumarkaði, sem hefur undir forystu ríkissáttasemjara unnið að því undanfarin þrjú ár að innleiða bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga á Íslandi til að tryggja atvinnulífina stöðugleika og launafólki auknum ávinningi að norrænni fyrirmynd. Ástæður þess að aðilar eru sammála um að breytinga sé þörf eru m.a. eftirfarandi staðreyndir.


Þrátt fyrir næstum tvöfalt meiri launahækkanir á Íslandi hefur kaupmáttur aukist helmingi minna en á hinum Norðurlöndunum á síðustu 15 árum. Uppsafnað munar þetta ríflega 14% í hreinum kaupmætti á þessum árum.

**Aukning kaupmáttar atvinnutekna á mann á ári á Íslandi og öðrum Norðurlöndum**  
Meðaltal árána 2000-2014




Verðbólga á Íslandi hefur verið þrefalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin.

**Verðbólga á Íslandi og öðrum Norðurlöndum**  
Meðaltal árána 2000-2014




Frá aldamótum hefur gengi krónunnar fallið um 50% en gengi mynta hinna Norðurlandanna haldist nánast óbreytt gagnvart evru.

**Gengi íslensku krónunnar og meðaltals Norðurlandamynta**  
Breyting á milli árána 2000-2014



Vegna mikillar verðbólgu og efnahagslegs óstöðugleika á Íslandi hafa vextir að jafnaði verið þrefalt hærri en á hinum Norðurlöndunum.

**Vextir á Íslandi og öðrum Norðurlöndum**  
Meðaltal skammtímavaxta árána 2000-2014





Forystufólk eftirfarandi aðila skrifuðu undir samkomulagið í Iðnó: Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtaka atvinnulífsins (SA), Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Samninganeftndar ríkisins (SNR). Samkomulagið nær til 70% launafólks sem á aðild að stéttarfélagum á Íslandi.

Samkomulagið fól í sér mörkun sameiginlegrar launastefnu til 2018 til að stöðva svokallað höfrungahlaup á vinnumarkaði, stofnað yrði Þjóðhagsráð vinnumarkaðar, Seðlabanka og stjórnvalda ásamt því sem stefnt yrði að nýju samningalíkani á íslenskum vinnumarkaði.

### Nýtt samningalíkan gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Svigrúm til launabreytinga verður skilgreint út frá samkeppnisstöðu gagnvart helstu viðskiptalöndum.
- Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móta svigrúm til launabreytinga.
- Jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Opinberum starfsmönnum verður tryggð hlutdeild í launaskriði á almennum vinnumarkaði.
- Kjarasamningar miða að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs gengis.

Aðilar samkomulagsins skuldbundu sig til þess að ljúka gerð kjarasamninga til ársloka 2018 en að þeim tíma loknum yrði nýtt vinnumarkaðslíkan tekið í notkun. Samkomulagið fól jafnframt í sér að lokið yrði við gerð samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði og að samið yrði við stjórnvöld um efnahagslegar mótvægisáðgerðir vegna þrýstings sem höfrungahlaup á vinnumarkaði hefur valdið.

[Kynning á samkomulaginu \(PDF\)](#)

[Samkomulag um betri vinnubrögð og aukinn ávinning \(PDF\)](#)

### Nýr samningur

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands skrifuðu svo undir nýjan kjarasamning fimmtudaginn 21. janúar. Hann gildir til loka árs 2018 og byggir á samkomulaginu frá 27. október og bókun með kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Samningurinn kveður á um breytingar á kjarasamningum sem gerðir voru milli samningsaðila frá maí til september 2015, en með gerð Rammasamkomulagsins í október 2015 var mótaður sameiginlegur kostnaðarrámmi kjarasamninga til ársloka 2018. Sá kostnaðarrámmi hljóðaði upp á 32% hækkun launakostnaðar að meðaltali á tímabilinu nóvember 2013 til ársloka 2018, að teknu tilliti til breytinga á lífeyrisiðgjöldum, á samningstímanum.

Samninginn í heild má nálgast hér að neðan ásamt kynningu á helstu atriðum á vef SA ásamt nýrri kaupgjaldsskrá.

[Kjarasamningur SA og ASÍ 21. janúar 2016 \(PDF\)](#)

[Frétt um samning SA og ASÍ](#)

[Kynning á helstu atriðum samnings SA og ASÍ](#)

[Kaupgjaldsskrá nr. 19 - gildir frá 1. janúar 2016 \(PDF\)](#)

## MENNTAMÁL

Samskipti manna við tæknibúnað munu, ef fram heldur sem horfir, gjörbreytast á næstu árum. Þessar breytingar eru þegar merkjanlegar í gegnum snjallsíma, bíla og ýmis heimilistæki. Á árlegri ráðstefnu World Economic Forum í Davos var því haldið fram að heimurinn væri á barmi fjórðu iðnbyltingarinnar sem verið væri að leiða fram með tækninýjungum. Árið 2025 er því t.d. spáð að 50 milljarðar tækja verði tengd við internetið í heiminum og það mun hafa mikil áhrif á daglegt líf fólks. Þrjú af hverjum fimm krökkum yngri en tveggja ára munu leika sér með farsíma áður en þeir losna við bleyju eða tala í heilum setningum.

### Íslensk máltækni

Til að hagnýta að fullu örar tæknibreytingar er m.a. þörf á að byggja upp innviði íslenskrar máltækni. Mikilvægt er að þessir innviðir skulu vera í opnum aðgangi og til þess fallnir að nýtast íslensku atvinnulífi, almenningi og fræðasamfélagi á almennan og hagnýtan hátt. Fyrir íslenskan iðnað og tækniheim gefst einstakt tækifæri til að vera framarlega í þróun máltækni sem mun fela í sér miklar breytingar á lífsháttum. Mikilvægt er að samskipti Íslendinga, hvort sem er innan heimila eða fyrirtækja, við tölvur og ýmis tæki geti átt sér stað á þeirra móðurmáli. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, fjármálafyrirtæki ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum, ákváðu sameiginlega með ríkisstjórn að hefja undirbúning að þessu þýðingarmikla innviðaverkefni.



### Víðtækt samstarf

Samstarf Samtaka atvinnulífsins vegna mennta- og nýsköpunarmála við stjórnvöld, samtök launafólks og mennta- og rannsóknarstofnanir er víðtækt og mikilvægt. Eðlilega eru samskipti við stjórnvöld mikil hvort sem það er í gegnum hinar ýmsu nefndir, ráð, hópa eða í formlegum sem óformlegum samtölum við ráðherra eða embættismenn til að halda sjónarmiðum Samtaka atvinnulífsins á lofti. Ánægjulegt er að Samtök atvinnulífsins eiga og hafa í gegnum tíðina átt farsælt samstarf við verkalyðshreyfinguna um mörg brýn hagsmunamál á sviði menntunar og fræðslu, innan sem utan fyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins kynntu í upphafi ársins áherslur sínar til frekari breytinga á fyrstu stigum menntakerfisins. Samtökin leggja áherslu á:

- Sátt um greitt aðgengi að menntun og fjármunum í menntakerfið verði varið skynsamlega
- Nauðsyn á umræðu um frekari skólaþróun í ljósi samkeppnishæfs samfélags
- Að framleiðni og samkeppnishæfni skólakerfisins verði eflað
- Að skólaskylda geti hafist við 5 ára aldur, útskrift úr framhaldsskóla 18 ára verði markmiðið
- Faglega forysta skólastjórnenda, aukin eftirfylgni kennslu og endurgjöf kennara
- Endurskoðun kennaramenntunar
- Sveigjanleika, árangur og ráðdeild
- Að leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli verði skoðuð heildstætt
- Að ósk sveitarfélags (Garðabæjar) að sjá um rekstur allra þessara skólastiga verði samþykkt sem tilraunaverkefni

Samtök atvinnulífsins hafa ásamt Samtökum iðnaðarins átt samtöl við mennta- og menningarmálaráðherra um frekari uppbyggingu iðn- og starfsmenntunar, m.a. í kjölfar Hvítbókar ráðherra. Hafa





samtökin m.a. lagt áherslu á markvissari fræðslu um verkmenntun strax á leik- og grunnskólastigi, að þegar nemandi innritar sig í verknám í framhaldsskóla sé tryggt að hann geti útskrifast, vinnustaðanám verði jafngilt bóknámi enda sé vinnustaður námsstaður, að leiðir fyrir nemandann séu ávallt greiðar innan menntakerfisins og aðgangur eftir framhaldsskóla verði bæði að akademísku háskólanámi sem námi á fagháskólastigi.

### Áttin greiðir leið

Eftir kjarasamningana árið 2013, þar sem lögð var fram bókun að frumkvæði SA um starfsmenntamál samhliða auknum framlögum í starfsmenntun, hefur verið haldið áfram að því markmiði að einfalda styrkjakerfið fyrir fyrirtækin. Seint á árinu 2015 var Áttin stofnuð en hún er sameiginleg vefgátt 8 sjóða og fræðslusetra og er sérstaklega beint að fyrirtækjum. Hefur samstarf milli sjóða aukist og aðgengi fyrirtækja því verið auðveldað til muna. Fóru fulltrúar SA og ASÍ um landið og kynntu fyrirtækjum og fræðsluáðilum Áttina. Strax á fyrstu mánuðum Áttarinnar hefur umsóknnum fyrirtækja í starfsmenntasjóðina fjölgað og þörfum þeirra verið betur mætt. Skilaboð fyrirtækja innan Samtaka atvinnulífsins voru skýr þegar kom að starfsmenntasjóðunum – þau vildu hafa kerfið aðgengilegt og einfalt. Að því hefur verið unnið. Jafnframt er ætlunin að svonefndir fræðsluerindrekar fari í fyrirtæki til að hvetja og upplýsa þau um leiðir sem henta til að bæta og byggja upp hæfni og þekkingu innan þeirra.

### Uppbygging fagháskóla

Samtök atvinnulífsins hafa ásamt Alþýðusambandi Íslands mótað sameiginlega sýn um hvernig hægt sé að taka upp fagháskólastig hér á Íslandi. Hefur ákveðið verkferli verið kynnt mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Vonast SA og ASÍ til þess að stjórnvöld vinni saman að uppbyggingu fagháskólastigs en það mun stuðla að enn öflugri tækni- og verkmenntun og auka tengsl skóla og atvinnulífs.

### Framhaldsfræðsla

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnahóp um full-orðins- og framhaldsfræðslu í janúar 2015. Viðfang hans var að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Verkefnahópurinn skilaði af sér skýrslu um mitt ár 2015. Meginniðurstaða var að framhaldsfræðslukerfið byggji á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett. Ekki væri ástæða til að gera stórvægilegar breytingar. Ef horft er til þess að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% í 10% fyrir 2020 telur hópurinn langt í land og nauðsynlegt að tryggja meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en hún fær nú. Tillögur verkefnahópsins eru margþættar og skilaði hópurinn aðgerðaráætlun til næstu fimm ára.

#### *Skýrsla hópsins*

### Hæfniramminn

Samtök atvinnulífsins hafa haldið áfram vinnu við íslenska hæfnirammann og lagt fram sínar áherslur í samvinnu við aðildarsamtökin í Húsi atvinnulífsins. Það hefur tafist nokkuð að leiða málið til lykta m.a. vegna trega menntamálaráðuneytisins á að fallast á eindregin sjónarmið fulltrúa atvinnurekenda og launþega um að þrepin í rammanum verði átta, líkt og þekkist víða. Samhliða hafa aðilar vinnumarkaðarins undirstríkað mikilvægi þess að hæfniramminn nái til bæði formlegs sem óformlegs náms. Formleg niðurstaða ráðuneytisins er að ýta átta þrepum út af borðinu en vinna frekar með sjö þrep og undirþrep. Vegna mikilvægis hæfnirammans fyrir atvinnulíf hafa Samtök atvinnulífsins lagt áherslu á að vinnan haldi áfram á þessum forsendum ráðuneytisins með von um endurskoðun síðar. Ef rétt er að rammanum staðið getur hann auðveldað starfsfólki að fara á milli fyrirtækja og landa og gert vinnumarkaðinn hreyfanlegri



og gegnsærri. Upplýsingar um færni og hæfni verða aðgengilegri.

### Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins sem öll aðildarfélög SA standa að var haldinn í þriðja sinn á Hótel Nordica í lok janúar og var að venju afar fjölsóttur en á fjórða hundrað gesta sóttu fundinn. Fjölbreytt erindi voru haldin um mikilvægi fræðslu fyrir fyrirtækin, tækni, þróun vinnurmarkaðar og tengsl hans við margskonar hæfni og færni.

Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt í þriðja sinn. Menntasprotta ársins hlaut Securitas vegna markvissra nýunga í fræðslu og Icelandair Hotels var útnefnt Menntafyrirtæki ársins en fyrirtækið sinnir m.a. starfsmenntun tuga iðnnema á hverju ári.

### Fundaröð um menntamál

Samtök atvinnulífsins og öll aðildarsamtök þess hafa haldið áfram með fræðslufundi undir heitinu *Menntun og mannaúdur*. Hafa fundirnir verið fjölsóttir af hálfu fyrirtækjanna en þar hefur m.a. verið fjallað um starfsmenntamál, hæfniramma, Áttina, starfsmenntarannsóknir og fleira.

### Stjórnir og nefndir

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins sitja víða í stjórnnum og nefndum á sviði menntunar og nýsköpunar og koma þar að sjónarmiðum atvinnulífsins. Aðkoma atvinnulífsins að stefnumótun mennta-, fræðslu- og nýsköpunarstofnana getur beint og óbeint stutt við fyrirtæki. Má þar nefna Tækniþróunarsjóð, Vísinda- og tækniráð, Tækniskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og starfsmenntasjóði og Vinnustaðanámssjóð.

### Mikilvægt samstarf

Tengingar milli skóla atvinnulífsins eru mikilvægar og mun m.a. Tækniskóli Íslands bjóða grunnskólanemendum upp á nýja leið til stúdentsprófs, tækni- og vísindaleið en það er sérhannað nám fyrir nemendur sem vilja góðan undirbúning fyrir háskólanám í tækni- eða vísindagreinum. Námið er skipulagt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og leiðandi tæknifyrirtæki.

Í lok árs 2015 var gengið frá nýjum þjónustusamningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við Mennta og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn kveður á um, líkt og fyrri samningar, hvernig FA heldur utan um framhaldsfræðslukerfið og Fræðslusjóð. Samningurinn er til 5 ára.





Síðla árs 2015 sagði Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvarinnar starfi sínu lausu. Ingibjörg hefur stýrt starfinu frá því að Fræðslumiðstöðin var stofnuð 2002. FA er í sameiginlegri eigu aðila vinnumarkaðarins og er samstarfs- vettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Í ársbyrjun 2016 var Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri starfsmenntasjóðsins Starfsafis ráðinn í stað Ingibjargar til að veita FA forstöðu.

Háskóli Íslands og Samtök atvinnulífsins gerðu með sér viljayfirlýsingu þar sem komið var á formllegu samstarfi en aðilar eru sammála um að framtíðarþörfum atvinnulífs og nemenda verði að mæta. Er ætlunin að greina frekari möguleika til samstarfs, vinna að skipulegu starfsnámi (e.internship) og verkefnavinnu nemenda í samstarfi við fyrirtæki auk þess að hvetja stjórnvöld til að styðja frekar við þekkingarfyrirtæki er sinna rannsóknum og háskólastarfi.

## 2800 skólaár

Tæplega 3400 manns hafa lokið raunfærnimati frá 2007 Þessir einstaklingar hafa fengið metnar samtals rúmlega 98 þúsund einingar á framhaldsskólastigi, það jafngildir 2800 skólaárum ef miðað er við að meðaltal staðinna eininga sé 35 hvert ár.

*Mennta- og nýsköpunarsvið SA*

# SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum misserum efnt til margvíslegrar umræðu um samfélagsábyrgð fyrirtækja enda standa SA fyrir ábyrgt atvinnulíf. Æ fleiri fyrirtæki taka samfélagsábyrgð föstum tókum, innleiða hana með skipulögðum hætti og gera grein fyrir áherslum sínum opinberlega.

## Árangur og ábyrg fyrirtæki

Janúarráðstefna Festu og SA hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur til að læra og miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð. Í ár var ráðstefnan haldin í þriðja sinn þar sem fjölbreytt þekking var borin á borð ásamt því sem stjórnendur deildu reynslu sinni um hvernig hægt er að ná árangri í rekstri og hafa jákvæð áhrif á samfélagið um leið.

Sérstakur gestur ráðstefnunnar var Mads Øvlisen, fyrrum stjórnarformaður og forstjóri Novo Nordisk, og stjórnarformaður Lego á árunum 1996-2006. Øvlisen er jafnframt formaður ráðgjafanendar UN Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð.

[Sjá umfjöllun á vef Festu](#)

## Sáttmáli S.P. um samfélagsábyrgð

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact en um er að ræða eitt öflugasta framtakið í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja og sjálfbærni. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 en um er að ræða 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir. Sameinuðu



þjóðirnar gáfu út stutt myndband á 15 ára afmæli sáttmálans þar sem meginmarkmið hans er dregið skýrt fram.

[Smelltu til að horfa](#)

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækjanna.

Um 8.500 fyrirtæki hafa skrifað undir Global Compact í 162 löndum en alls hafa yfir 13.000 aðilar skrifað undir sáttmálann. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að 20 þúsund hafi skrifað undir sáttmálann árið 2020 með það að markmiði að auka sjálfbærni efnahagslífs heimsins.

[Global Compact S.P.](#)

## VIÐMIÐ GLOBAL COMPACT



### MANNRÉTTINDI

- Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
- Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

### VINNUMARKAÐUR

- Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
- Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.
- Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
- Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

### UMHVERFI

- Viðmið 7: Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.
- Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
- Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.

### GEGN SPILLINGU

- Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.



### Norrænt net

SA eru tengiliður við norrænt tengslanet Global Compact en rúmlega 200 framsækin fyrirtæki á Norðurlöndum eiga aðild að því. Tvisvar á ári eru haldnar ráðstefnur á vegum Global Compact Nordic Network þar sem fjallað er um samfélagsábyrgð fyrirtækja og stjórnendur deila reynslu sinni hver með öðrum.

Netið fundaði í byrjun desember í Helsinki en þar var sjálfbærni til umfjöllunar. Vorfundurinn 2016 fer fram 19.-21. apríl á Grænlandi en haustfundurinn verður haldinn í Osló dagana 12.-13. október í höfuðstöðvum Statoil. Vorið 2017 er svo komið að Íslandi að halda fundinn. Þeir sem vilja fylgjast með starfi netsins geta gerst áskrifendur að rafrænu fréttabréfi þess eða heimsótt vefsíðu þess.

#### Global Compact Nordic Network

Aukinn áhugi er á Global Compact á Íslandi og skrifuðu tvö fyrirtæki nýverið undir sáttmálann, Marel og Vífilfell. Alls hafa 17 aðilar skrifað undir sáttmálann á Íslandi og fleiri munu bætast í hópinn á næstunni.

### Sjálfbærnimarkmið S.Þ.

Í september samþykktu 193 leiðtogar heimsins 17 ný heimsmarkmið (e. sustainable development goals) sem er ætlað að hafa mikil áhrif á næstu 15 árum, minnka fátækt, auka jöfnuð og finna nýjar lausnir við loftslagsvanda heimsins. Fyrirtæki og atvinnulífið leika þar stórt hlutverk.

Stefnan er að heimurinn verði öruggur til langs tíma en margt hefur áunnist frá árinu 2000. Æ fleiri láta sig þessi mál varða og 79% fyrirtækja Fortune 500 gefa t.d. út sjálfbærnisráðgjafur. Það er aukin meðvitund fjárfesta um sjálfbærni, aukinn þrýstingur stjórnvalda og neytenda á fyrirtæki og það er orðið erfiðara að reka fyrirtæki í dag án þess að marka sér stefnu í þessum efnunum.

Heimsmarkmiðin 17 verða til umræðu á leiðtogafundi Global Compact í New York 22.-23. júní en þar verða tekin dæmi um hvernig fyrirtæki geti nýtt sér þau. Heimsmarkmiðunum er ætlað að verða leiðarstef á mörkuðum morgundagsins og stuðla að byltingu í nýsköpun fyrirtækja sem munu framleiða sjálfbærar vörur í stóru auknum mæli og veita vistvæna þjónustu.

#### Heimsmarkmiðin 17

### Góðar fyrirmyndir

Alþjóðasamtök atvinnulífsins (IOE) hafa safnað saman sögum af fyrirtækjum sem eru til fyrirmyndar á sviði samfélagsábyrgðar. Um er að ræða 63 sögur frá 45 fyrirtækjum í 12 löndum. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem er ætlað að veita stjórnendum í atvinnulífinu innblástur, hvetja þá til að sýna samfélagsábyrgð í verki og hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

IOE taka fram að samtökin leggi sama skilning í samfélagsábyrgð (CSR) eins og Evrópuráðið skilgreindi hugtakið í október 2011:

#### **„Ábyrgð fyrirtækja á áhrifum þeirra á samfélagið“.**

*„The responsibility of enterprises for their impacts on society“.*

Um er að ræða alls konar verkefni, allt frá litlum fyrirtækjum til stórra alþjóðlegra fyrirtækja. Verkefni eru flokkuð eftir mállefnum og því auðvelt að finna hugmyndir, stutta lýsingu á þeim, heiti fyrirtækja og tengiliði. Til dæmis er fjallað um virðisdeðu fyrirtækja, áreiðanleikakannanir, samskipti við hluthafa, baráttu gegn spillingu, mannréttindi, mannsal, vinnuþrækkun, öryggi á vinnustað og jafnvægi vinnu og einkalífs.

IOE benda stjórnendum fyrirtækja sem vilja taka samfélagsábyrgð fastari og formlegri tökum að mörgum hafi gefist best að byrja á verkefnum sem tengjast nærumhverfinu og halda svo áfram. Ávinningurinn sé raunverulegur og þegar best gangi verði



reksturinn betri, fyrirtækin eflist og starfsfólk verði ánægðara. Margt smátt geri eitt stórt og með því að læra af þeim sem hafa staðið sig vel á þessu sviði má auðvelda þróun á vörum og þjónustu sem bæta lífsgör.

Rit IOE má nálgast hér að neðan, en það er hluti af verkefninu Samfélagsábyrgð fyrir alla sem er fjármagnað af ESB.

[CORPORATE SOCIAL RESPONSIBILITY FOR ALL. BEST PRACTICE COMPILATION \(PDF\)](#)

### Fyrirbyggjum einelti og áreitni á vinnustöðum

Ný reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum hefur tekið gildi. Markmið nýrra reglna er að fyrirbyggja einelti og áreitni með forvörnum og áhættumati. Atvinnurekenda ber að gera starfsmönnum ljóst með skýrum hætti að slík hegðun sé óheimil og grípa til aðgerða í samræmi við skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.



Nýja reglugerðin tók gildi í lok árs 2015 og kemur í stað eldri reglugerðar frá árinu 2002.

Á öllum vinnustöðum er skylt að framkvæma áhættumat, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

[\*Helstu nýmæli reglugerðarinnar á vef SA\*](#)

# JAFNRÉTTISMÁL

Samtök atvinnulífsins leggja ríka áherslu á jafnrétti kynjanna. SA hafa t.d. beitt sér fyrir því að kynjahlutföll í stjórnnum lífeyrissjóða hafa verið jöfnuð og samtökin tóku þátt í samstarfi heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda um innleiðingu jafnlaunastaðals á vinnumarkaði. Markmið jafnlaunastaðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað sínum. Um er að ræða framtak sem er einstakt á heimsvísu.

## Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti Orkuveitu Reykjavíkur, Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2015 í lok maí á morgunfundinum „Eru til karla- og kvennastörf?“ Í áliti dómnefndar segir m.a.:

„Fyrirtækið hefur stigið veigamikil skref og er í markvissri vinnu við að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum fyrirtækisins. Fyrirtækið vill jafnframt vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í jafnréttismálum og vill leggja sitt að mörkum til að breyta viðhorfum til staðalmynda kynjanna enda er trú þess að kynbundið náms- og starfsval sé félagsmótun en ekki náttúruleg mál.

Því hefur verið lögð rík áhersla á að skapa umhverfi sem er aðlaðandi fyrir bæði karla og konur að starfa í. Til að styrkja eigin innviði sem og samfélagið í heild, hefur fyrirtækið stuðlað að framgöngu fjölda verkefna í samstarfi við menntastofnanir, til að fylgja eftir því markmiði að efla hlut kvenna í karllægum geira. Þannig hefur náðst að bæta kynjahlutföll á öllum sviðum fyrirtækisins.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur veitti verðlaunum viðtöku og hvatti öll fyrirtæki til að fylgja jafnréttisáætlunum í orði jafnt og á borði: „Við ákváðum að eyða kynbundnum launamun innan Orkuveitunnar. Það er ákvörðun að eyða launamun, alveg eins og það er ákvörðun að fjölga konum í stjórnunarstöðum. Það er ekki nóg að aðhyllast jafnrétti, heldur þarf að fremja það,“ sagði Bjarni.

Markmiðið með Hvatningarverðlaunum er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

Atvinnuvegaráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð standa að hvatningarverðlaunum.

## Til hamingju

Samtök atvinnulífsins óskuðu Íslendingum til hamingju með daginn þann 19. júní í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá því konur öðluðust kosningarétt. Þetta er merkur áfangi í sögu þjóðarinnar





og mikilvægt að karlar og konur hafi jöfn tækifæri því það er lykillinn að betra þjóðfélagi og lífshæðum.

Konur sem börðust fyrir jafnrétti kynjanna fyrir rúmri öld áttuðu sig á þessu eins og kom glöggt fram í hátíðarræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur á Austurvelli 7. júlí 1915.

„Vér heilsum glaðar framtíðinni, þar sem karlar og konur vinna í bróðurni saman að öllum landsmálum, bæði á heimilunum og á alþingi.“

Fyrir einni öld staðfesti konungur lög frá Alþingi sem færðu um 12.000 íslenskum konum, sem voru 40 ára og eldri, kosningarétt. Löggin færðu einnig kosningarétt um 1.500 vinnumönnum, sem voru 40 ára og eldri, og líka um 1.000 karlmennum sem áður höfðu ekki haft réttinn vegna skilyrða um útsvarsgreiðslu.

Samtök atvinnulífsins gáfu starfsfólki sínu frí eftir hádegi 19. júní til að fagna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Það sama á við um önnur félagsamtök í Húsi atvinnulífsins og fjölda fyrirtækja sem veittu starfsfólki sínu tækifæri til að minnast þessara merku tímamóta.



## Fögnum fjölbreytileikanum

Samtök atvinnulífsins fögnuðu fjölbreytileikanum þann 8. ágúst en þá fór fram gleðiganga Hinsegin daga í Reykjavík. Í henni sameinast lesbíur, hommar, tví- og þrjúkynhneigðir, trans fólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar í einum hópi ásamt fjölskyldum sínum og vinum til að staðfesta tilveru sína, sýnileika og gleði, ásamt því að minna á þau baráttumál sem skipta hvað mestu máli hverju sinni.

Fjölbreytileiki gerir lífið skemmtilegra og það sama á við um atvinnulífið. Án fjölbreytni væri atvinnulífið einsleitt og máttlítið en sem betur fer er íslenskt atvinnulíf litríkt og mun vonandi dafna vel á næstu árum.

## HVERT FARA PENINGARNIR ÞÍNIR?

Samtök atvinnulífsins efndu til opins umræðufundar um fjármál ríkisins, forgangsröðun fjármuna og hvað landsmenn fá fyrir skattana sína í Hörpu miðvikudaginn 18. nóvember 2015. Fulltrúar allra stjórn málaflokka á Alþingi tóku þátt en yfirskrift fundarins var *Hvert fara peningarnir þínir?* Upptaka af fundinum er aðgengileg á vef SA ásamt greiningu efnahagssviðs SA á fjármálum ríkisins sem var lögð fram á fundinum.

Tilfnið var fjárlagaumræðan á Alþingi þar sem rætt var um hvernig nærri 700 milljörðum yrði ráðstafað á árinu 2016 í þágu lands og þjóðar. Ríkið sækir 110 milljörðum króna meira í vasa landsmanna en fyrir aðeins þremur árum síðan og mikilvægt að forgangsraða þeim rétt.

Þátttakendur í umræðunum voru Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, Brynhildur S. Björnsdóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, Bjarkey Ólsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins.

Formaður Samtaka atvinnulífsins, Björgólfur Jóhannsson, ávarpaði fundinn í upphafi en Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, stýrði umræðunum.

### Skilvirkt kerfi

Formaður SA hvatti stjórn málaflukkana til að draga úr skattlagningu á fyrirtæki og benti á að skattar sem fyrirtæki greiði til ríkisins hafi aukist hlutfallslega meira en skattar á einstaklinga á undanföllum árum. „Þegar upp er staðið greiða fyrirtækin ekki þessa skatta



heldur innheimta þá hjá viðskiptavinum sínum. Þegar ekki tekst að hækka verð vöru og þjónustu þá hafa fyrirtækin möguleika til að draga úr vöruþróun, nýsköpun, rannsóknum og fresta því í lengstu lög að ráða til sín nýtt starfsfólk. Þau draga úr fjárfestingum.

Dæmi um þetta allt höfum við séð á undanföllum árum. Kostnaður bankanna vegna sífelld hækkingar skatta og eftirlitsgjalda kemur fram í gjaldskrá þeirra. Mjög há veiðigjöld ásamt stöðugri óvissu um stjórn fiskveiða urðu til að draga úr fjárfestingum í sjávarútvegi. Tryggingargjaldið jafngildir því að 10 manna fyrirtæki sé með ellefta manninn á bekknum. Það er engin leið til þess að aukin skattlagning geti leyst þau verkefni sem blasa við.“

Björgólfur sagði einnig að auka þurfi skattalega hvata fyrirtækja til að byggja upp til framtíðar með fjárfestingum, rannsóknum, vöruþróun og markaðssókn. Þannig megi auka samkeppnishæfni hagkerfisins og auka skatttekjur. Þá þurfi að einfalda kerfið.





„Samtök atvinnulífsins hafa lengi kallað eftir því að skattkerfið sé skilvirkt. Það þarf að vera laust við flækjur. Skattstofnar eiga að vera breiðir og sem mest án undanþága. Skatthlutföll þurfa að vera fá og sem lægst. Þannig er best að draga úr undanskotum. Nauðsynlegt er að skattkerfið sé fyrirsjáanlegt og að fólk og fyrirtæki geti tekið ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna sinna án þess geta átt von á því að skattkerfið kollvarpi öllum forsendum. Skref sem stigin hafa verið að undanförunu eru mjög jákvæð. Þar á ég við afnám vörugjalda á mörgum vörutegundum, einföldun virðisaukaskattsins og fyrirhugaða lækkun gjalda á matvælum og fleiri vörum.“

### Fjárfest í innviðum

Formaður SA benti á að sala eigna ríkisins geti lækkað vaxtagreiðslur ríkissjóðs um þriðjung sem væri nauðsynlegt til að auka fjárfestingar á ný eftir samdráttarár.



„Í kjölfar efnahagshrunsins jukust skuldir ríkissjóðs mjög mikið og á árinu 2014 voru vaxtagreiðslur 11% af tekjum ríkissjóðs. Nú virðist ljóst að unnt verði að greiða niður skuldir ríkissjóðs verulega á næstu árum. Annars vegar hefur verið ákveðið að slitabú fallinna banka greiði til ríkissjóðs svokallað stöðugleikaframlag og að í kjölfarið verði hin skaðlegu gjaldeyrishöft afnumin. Hins vegar getur ríkissjóður aflað nokkur hundruð milljarða króna með því að selja að hluta eða í heild eignir sínar í bönkunum, flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, ÁTVR, Íslandspóst ásamt hlut í Landsvirkjun og Landsneti. Sala eigna getur lækkað árlegar vaxtagreiðslur ríkissjóðs um þriðjung. Ríkissjóður yrði þá vel búinn til þess að takast á við nauðsynlega fjárfestingu í innviðum á næstu árum þegar aðstæður leyfa, en víða hefur myndast mikil þörf til úrbóta, til dæmis í nýjum Landspítala, menntun og samgöngukerfinu.“

Í greiningu efnahagssviðs SA var bent á að á undanförunum fimm árum hafa útgjöld ríkisins til mennta- og heilbrigðismála verið skorin niður um nærri sjö milljarða. Á sama tíma má finna fjölmörg dæmi um raunaukningu útgjalda stofnana á árunum 2009-2014.

Formaður SA þakkaði stjórnmalaflokkunum fyrir að taka þátt í umræðunum en hvatti þá til að gæta aðhalds í ríkisrekstrinum á tímum almennrar þenslu. „Á undanförunum árum og áratugum höfum við oft séð að ríkisfjármálin hafi orðið til þess að magna efnahagssveiflurnar. Stöðugleiki í efnahagslífinu er einnig viðfangsefni ríkisfjármálanna.“

### Tryggingagjald lækkað

Á fundinum kom fram þverpólitísk samstaða um lækkun tryggingagjalds. Samtök atvinnulífsins bentu á að árlegt gjald væri um 20 til 25 milljörðum króna hærra en það ætti að vera þar sem atvinnuleysi hefði minnkað hratt. Tryggingagjaldið kemur harðast niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem flest ný störf verða til. Fyrirtæki í skapandi greinum verða sérstaklega illa úti en hátt tryggingagjald minnkar getu fyrirtækja til að hækka laun eða ráða fleiri í vinnu.



Brynhildur sagði að tryggingargjaldið væri slæmt, það væri ósýnilegur kostnaður á launaseðlinum. Bjarkey sagði það skoðun Vinstri grænna að það mætti skoða lækun tryggingagjaldsins enda væri atvinnuleysi nánast ekki neitt sem gjaldinu væri ætlað að fjármagna. Katrín sagðist sjá fyrir sér að tryggingagjaldið lækki hraðar en það hefur gert. Leggja ætti áherslu á það enda hafi gjaldið neikvæð t.d. neikvæð áhrif á hugverkagreinar. Vilji væri til þess að fyrirtækin vaxi og dafni á Íslandi en ekki erlendis en mörg þeirra geri það ekki í dag.

Sigurður Ingi sagði að sannarlega ætti að skoða lækun tryggingagjaldsins, sérstaklega í ljósi áhrifa þess á lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru 9 af hverjum 10 fyrirtækja á Íslandi.

Bjarni sagði bæði rétt og nauðsynlegt að ná tryggingargjaldinu niður. Undir lok umræðnanna sagði Katrín Júlíusdóttir að sér heyrðist vera komin pólitísk samstaða um að lækka tryggingagjaldið og stjórnámálmennirnir hlytu að geta fundið einhverjar leiðir til þess.

### Ísland verði nánast skuldlaust land

Bjarni Benediktsson lýsti því yfir á fundinum að hann vildi að Ísland stefndi að því að verða því sem næst skuldlaust land.

Íslenska ríkið lækki skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu hraðar en nokkurt annað ríki, vegna þess að landsframleiðsla væri að vaxa og skuldaförnun hafi verið stöðvuð. Fjármálaráðherra sagði að eina svigrúmið til að auka útgjöld ríkisins væri með því að greiða niður skuldir og minnka þar með vaxtagjöld ríkisins sem væru áætluð 74 milljarðar 2016.

### Tímamót í opinberum fjármálum

Þá vék Bjarni að frumvarpi um opinber fjármál sem hann sagði marka tímamót. Það væri lykilorðfrumvarp til að fjármál ríkis og sveitarfélaga styðji við stöðugleika í landinu. Sjónum sé beint í auknum mæli að stóru myndinni og langtímaáætlunum.

„Við erum að taka risastórt skref inn í framtíðina með þessu frumvarpi,“ sagði Bjarni en með því væri tekið skref fram fyrir alla aðra í þessum efnum með lagaumgjörð sem væri nútímalegri og fullkomnari en annars staðar.

*[Upptaka af stjórn málaumræðum í Hörpu Greining efnahagssviðs SA \(PDF\)](#)*



# EFNAHAGSMÁL


## LOSUN HAFTA HANDAN VIÐ HORNID?

Árið 2015 var um margt merkilegt ár og ekki síst fyrir þær sakir að á árinu kynntu stjórnvöld loks heildstæða áætlun um losun fjármagnshafta. Í lok árs voru fyrstu skrefin stigin í þeirri áætlun þegar þrotabú föllnu bankanna uppfylltu stöðugleikaskilyrðin. Áfram óx hagkerfið á árinu 2015 og mældist hagvöxtur 4%, sem er heldur meiri vöxtur en árið á undan þegar hagvöxtur var 2%. Enn eitt árið var metvöxtur í ferðapjónustu sem jók mjög gjaldeyristekjur fyrir þjóðarþúið en samfara auknum kaupmætti, lækkandi atvinnuleysi og aukinni bjartsýni hefur innlend eftirspurn tekið hressilega við sér. Mikill vöxtur var því bæði í einkaneyslu og fjárfestingu en þrátt fyrir verulegar launahækkanir hélst verðbólgan áfram undir markmiði Seðlabankans. Kom það ekki síst til vegna gengisstyrkingar krónunnar og lækkandi olíuverðs sem vógu á móti vaxandi verðbólguþrýstingi.

## Rætur hagvaxtar: Mikill vöxtur innleðrar eftirspurnar

Mikill hagvöxtur á árinu 2015 er til marks um það hve íslenskt efnahagslíf er á góðri siglingu, framleiðslulakinn er horfinn, atvinnuleysi er svipað og á þensluárum, kaupmáttur launa hefur ekki vaxið meira í 18 ár og væntingar landsmanna eru á uppleið. Rætur hagvaxtar má einkum rekja til aukins vaxtar í innleðri eftirspurn en árlegur vöxtur þjóðarútgjalda mældist 6,3% á árinu 2015 og er það mesti vöxtur frá árinu 2006. Þrátt fyrir verulegan vöxt útflutnings hélt sá vöxtur ekki í við vöxt innflutnings og var því framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar neikvætt á árinu.


### Hagvöxtur og framlag undirliða



Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

Gagnger breyting hefur orðið á íslensku hagkerfi frá árinu 2008. Veikara gengi krónunnar auk annarra samverkandi þátta jók samkeppnishæfni útflutningsgreina sem stuðlað hefur að hröðum vexti síðustu ár. Á aðeins sjö árum hefur hlutur ferðapjónustu og sjávarútvegs í landsframleiðslu aukist um meira en helming. Ferðapjónustan hefur gegnt lykilhlutverki í uppgangi íslensks efnahagslífs og er greinin orðin ein stærsta útflutningsgrein landsins. Ekkert lát virðist vera á fjölgun ferðamanna til landsins og sækir metfjöldi landið heim ár eftir ár.

## Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu (%)




\*Flutningur með flugi, veitinga- og gistihús, ferðaskrifstofur og bóknarþjónusta ásamt leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga.

Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs


Samhliða hækkandi gengi krónunnar og auknum kaupmætti innanlands hefur vöruskiptajöfnuðurinn snúist úr afgangi í halla. Styrking krónunnar hefur þó enn sem komið er ekki haft teljandi áhrif á þjónustujöfnuð og nú er svo komið að viðskiptaafgangurinn er allur tilkominn vegna sölu á þjónustu. Vöxtur þjónustugreina og vægi þeirra í útflutningi er til marks um breytingu á íslensku hagkerfi.

## Vöxtur undirliða landsframleiðslu

- vísitölur, 100 árið 2008



## Vöru og þjónustujöfnuður % af VLF




Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

### Samkeppnisstaða þjóðarbúsins versnar

Nýgerðir kjarasamningar fela í sér miklar launahækkunar á komandi árum. Hækkun launa langt umfram verðbólguþrýsting en hagstæð þróun viðskiptakjara á síðasta ári, fyrst og fremst mikil lækkun olíuverðs auk styrkingar krónunnar, vógu þar á móti. Raungengi á mælikvarða launa stefnir í áður óþekktar hæðir og ef fram fer sem horfir er veruleg hættu á að samkeppnisstaða þjóðarbúsins muni versna á komandi misserum. Í ljósi þess að jákvæður viðskiptaafgangur hvílir nú að öllu leyti á þjónustujöfnuði, sem að uppistöðu er ferðabjónusta, er mikið undir fyrir þjóðarbúið í heild.

#### Raungengi á mælikvarða launa

Sviðsmynd m.v. Salek samkomulagið, 5% nafngengisstyrking á hverju ári




Heimildir: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

### Eitt lengsta tímabil verðstöðugleika

Verðbólgan var undir verðbólguþrýsting Seðlabankans allt síðastliðið ár og hefur eitt lengsta verðstöðugleikatímabil Íslandssögunnar nú staðið yfir í 24 mánuði samfleytt. Þrátt fyrir lága verðbólgu setti óvissa á vinnumarkaði strik í reikninginn og voru stýrivextir hækkaðir. Samfara miklum launahækkunum og lágru verðbólgu óx kaupmáttur launa á Íslandi mikið á árinu og hefur hann vaxið meira síðastliðin fimm ár en árin 2003-2007.

#### Ársverðbólga frá upptöku verðbólguþrýstings



Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

### Aukin umsvif hins opinbera og skattbyrði nánast hvergi hærri

Ríkissjóður var rekinn með afgangi á árinu 2015 annað árið í röð. Margt jákvætt hefur áunnist í ríkisrekstri síðustu ár, niðurgreiðsla skulda er hafin og áforma stjórnvöld að greiða enn frekar niður skuldir á komandi árum þegar svigrúm gefst með stöðugleikaframlagi föllnu bankanna. Þá hafa mikilvægar breytingar verið gerðar á tekjuhlíð, almenn vörugjöld og tollar felldir niður og tekjuskattur einstaklinga lækkaður. Betur má ef duga skal, enn á eftir að draga til baka skattahækkunar frá árinu 2008 sem atvinnulífið og einstaklingar bera. Nú er svo komið að skatttekjur hins opinbera að frádregnum greiðslum almannatrygginga eru hærra hlutfall af landsframleiðslu en hjá flestum öðrum ríkjum OECD enda eru umsvif hins opinbera nánast hvergi meiri en á Íslandi. Skattar á fyrirtæki hafa stóruvæðing á undanföllum árum en ólíkt Íslandi hafa margar þjóðir fremur lagt áherslu á að bæta samkeppnisumhverfi fyrirtækja, þ.e. að lækka skatta frekar en að hækka þá.


Talsverðar áskoranir eru því framundan hjá hinu opinbera á komandi árum þrátt fyrir góða tíð en eðli málsins samkvæmt er auðveldara að reka hið opinbera á tímum góðæris og uppgangs en í niðursveiflu. Uppsveiflur eru hins vegar aldrei eilífar og því verður hið opinbera að búa í haginn þannig að næst þegar illa árar verði útgjöld ekki í hæstu hæðum, skattþrósetur við þolmörk og skuldastaðan sligandi.

### Verður árið 2016 ár haftalosunar?

Samfara stórkostlegum vexti ferðabjónustu hefur gjaldeyrisinnflæði fjármagns sjaldan verið meira. Engum blöðum er um það að fletta að þörf er á ríflegum gjaldeyrisforða nú þegar stýttist í afnám fjármagnshafta og hefur Seðlabankinn nýtt svigrúmið vel til að byggja upp varaforða. Gjaldyrisforðinn hefur sjaldan verið ríflegri og skilyrði til losunar hafta gætu vart verið ákjósanlegri. Til viðbótar við rúman gjaldeyrisforða eru hagvaxtarhorfur góðar, flestar hagtölur sýna heilbrigðismerki, skuldir hafa verið greiddar niður af bæði fyrirtækjum og heimilum og ef fram fer sem horfir verður hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins jákvæð í fyrsta sinn frá upphafi mælinga. Mikilvægur áfangi náðist á síðasta ári þegar farsælir samningar náðust við þrotabú gömlu bankanna. Næstu skref snúa að losun aflandskróna en vonir eru bundnar við að útboð aflandskróna fari fram fljóttlega en að því loknu verður unnt að losa um höft á innlenda aðila. Mikið er undir og það er vonandi að stjórnvöld og Seðlabankinn gangi hratt til verks og losi þjóðarbúið úr höftum á árinu 2016.

*Efnahagssvið SA*

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga<sup>1</sup>  
 - sem % af landsframleiðslu



<sup>1</sup> Ástralía, Holland, Pólland, Japan og Mexíkó tölur fyrir árið 2013.  
 Heimildir: Macrobond



## SAMKEPPNISHÆFNI

### STARFSSKILYRÐI ATVINNULÍFSINS

Á hverju ári fjalla Samtök atvinnulífsins um fjölmörg mál sem tengjast rekstrarskilyrðum fyrirtækjanna. Mál berast samtökunum frá fyrirtækjum, Alþingi ráðuneytum og stofnunum. Ekkert lát er á stríðum straumi stjórnvaldsfyrirmæla. Skattar taka endalausum breytingum án þess að alltaf sé gætt að afleiðingum.

Hér verður fjallað um nokkur mál sem Samtök atvinnulífsins létu til sín taka undanfarið ár en yfirlit yfir umsagnir SA má nálgast á vefnum.

#### Umsagnir SA

#### Evrópureglur

Samtökin telja æskilegt að stjórnvöld gæti að ákveðnum viðmiðum við innleiðingu tilskipana frá ESB. Almenna reglan verði sú að drög að nýjum reglugerðum og lagafrumvörpum sem áhrif geta haft á atvinnulífið verði kynnt og gefið tækifæri til umsagnar.

Í öllum tilvikum verði gerð grein fyrir því a) ef reglubyrði er þyngd frá grunnkröfum tilskipunar, b) ef ætlunin er að innlend ákvæði hafi víðara gildissvið en tilskipunin, c) ef ekki eru nýtt undanþáguákvæði tilskipunarinnar, d) ef ætlunin er að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en tilskipunin gerir ráð fyrir, e) ef ætlunin er að innlend ákvæði nái út fyrir gildissvið tilskipunarinnar og f) ef ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur tilskipunarinnar. Sama þarf að gilda um lagafrumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi án undangengins umsagnarferils.

Því miður hafa stjórnvöld í mjög mörgum tilvikum ákveðið að gullhúða regluverk ESB og hafa reglur hér viðameiri og meira íþyngjandi en þörf er á. Það er yfirleitt gert án þess að nokkur rökstuðningur fylgi og nauðsynlegt að breyting verði á því.

#### Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í fyrsta sinn þann 30. september á Hilton Reykjavík Nordica. Á þriðja hundrað manns úr atvinnulífi, stjórnárum og stjórnkerfi komu saman og ræddu sjálfbæra nýtingu auðlinda auk þess sem boðið var upp á fjölda málstofa þar sem samspil umhverfismála og einstakra atvinnugreina voru til umfjöllunar. Að deginum stóðu Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármála-fyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu.

Auðlindageirinn er undirstaða verðmætasköpunar á Íslandi vegna hás framlags til útflutnings og sennilega er ekki hægt að finna sambærilegt umfang hjá nokkru öðru þróuðu hagkerfi. Á þetta bendi Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur og forseti félagsvísindasviðs HÍ. „Ábyrg auðlindanýting er forsenda blómlegs atvinnulífs í auðlindageiranum,” sagði Daði. Hann sagði



meginstoðir auðlindageirans vera þrjár, orku, ferðaþjónusta og sjávarútveg, en nokkuð sé í land að ferðaþjónusta og orkuiðnaður búi við eins skynsamlega auðlindastjórnun eins og fiskveiðarnar. Auðlindirnar séu takmarkaðar og mjög miklu máli skipti hvernig þær eru nýttar ef þessar atvinnugreinar eigi að standa áfram undir verulegum hluta hagvaxtar á Íslandi. Daði sagði langtímahagsmuni samfélags og atvinnulífsins fara vel saman en breyta þurfi stjórnun auðlindanýtingar ferðaþjónustunnar og markaðsskilyrðum í orkuframleiðslu svo heilbrigðir hvatar skapist fyrir ábyrgari nýtingu auðlinda í þeim geirum.

Kristín Vala Matthíasdóttir, efnaverkfræðingur fjallaði um auðlindagarðinn á Suðurnesjum og lýsti því hvernig heildstæð sýn á sjálfbæra nýtingu allra afurða auðlindanna væri í forgrunni. Hún fjallaði um orkunýtingu, heilsulindina, framleiðslu lækningavara, fiskeldi og efnavöruframleiðslu.

Guðni Th. Jóhannesson, prófessor fjallaði um nýtingu þorsstofnsins í 40 ár og hvernig áherslan hefur breyst frá magni til verðmætasköpunar. Hann tengdi saman pólitíska umræðu, söguna og vísindin á bak við þorskveiðarnar.

#### Umhverfisverðlaun atvinnulífsins

Á umhverfisdeginum voru umhverfisverðlaun atvinnulífsins veitt í fyrsta sinn. Auglýst var eftir tilnefningum í tveimur flokkum annars vegar fyrirtæki ársins sem fengi verðlaun fyrir ahlíða starf að umhverfismálum og hins vegar frumkvæði ársins þar sem veitt yrðu verðlaun fyrirtæki sem innleitt hefði nýjung sem nýst gæti víða. Fjölmargar tilnefningar bárust og valdi dómnefnd, sem skipuð var þeim Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, sviðstjóra umhverfismála hjá verkfræðistofunni Eflu, Ara Kristni Jónssyni, rektor HR og Þorsteini Inga Sigfússyni, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, verðlaunahafa úr tilnefningunum.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands afhenti verðlaunahöfunum viðurkenningar sínar. Verðlaun fyrir framtak ársins hlaut Orka



náttúrunnar sem hefur byggt upp net hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla á Suðvesturlandi. Verðlaun sem umhverfisfyrirtæki ársins komu í hlut Steinullar hf. á Sauðárkróki sem hefur aflað sér margs konar viðurkenningar fyrir framleiðsluvörur sínar og starfsemi.

#### Upptökur frá Umhverfisdegi atvinnulífsins 2015

### Rekstrarform heilbrigðisþjónustu

Samtök atvinnulífsins og Háskólinn á Bifröst héldu opinn umræðufund 4. nóvember 2015 um nýtt sjúkrahús. Samtökin fengu Rannsóknarstofnun atvinnulífsins á Bifröst til að kanna kosti ólíkra rekstrarforma til að ná mestri hagkvæmi með hliðsjón af gæðum. Verði nýr Landspítali byggður við Hringbraut telja samtökin að nýta megi betur fjármagn en núverandi áætlanir gera ráð fyrir og nýta þjónustu í heilbrigðiskerfinu sem þegar er til staðar í stað þess að auka umfang hins opinbera í samkeppni við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk.

Tækjaskortur og skortur á viðhaldi bygginga Landspítalans hefur verið viðvarandi vandamál og ekkert einsdæmi um opinberar byggingar. Með því að opinbert hlutafélag eigi og reki byggingar og tæki sem verða svo leigð nýjum Landspítala má tryggja betur eðlilega endurnýjun húsnæðis og búnaðar. Þetta mun jafnframt gefa stjórnendum spítalans aukna möguleika á að einbeita sér að rekstri og þjónustu spítalans í stað þess að nota dýrmætan tíma til að reka og sinna viðhaldi húsnæðis og tækja eða fjármögnun þeirra. Tryggja mætti spítalanum auknar tekjur með því að leigja tækin aðilum utan spítalans þegar þau eru ekki í notkun.

Í aðdraganda útboðs á byggingu sjúkrahótelis á Landspítalalóð sl. sumar lögðu samtökin áherslu á að eðlilegt væri kanna hagkvæmni þess að sami aðili komi að byggingu og rekstri hótelsins í samstarfi við faghópa á sviði hótellekstrar og hjúkrunar. Það gefur meiri möguleika á að fullnýta bygginguna, m.a. með því að leigja út laus herbergi á almennum markaði. Ekki liggur fyrir hvort Landspítalinn eigi að reka hótelið eða hvort bjóða eigi þjónustu þess út að hluta



til eða alfarið. Þá skortir fyllri upplýsingar um hvaða þjónustu eigi að veita á hótelinu.

Þá telja samtökin að með fjölbreyttara rekstrarformi megi léttla á vanda heilsugæslunnar á Íslandi sem að stórum hluta er skipulagsvandi, skortur á skilvirkni og ónóg þjónusta. Horft er til þess hvernig Norðmenn og Svíar efla heilsugæsluna á fyrsta áratug aldarinnar. Áhersla verði lögð á að innleiða hvata til að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Fjármagn frá ríkinu byggji á skilgreindum forsendum óháð rekstrarformi, fylgi að mestu hinum sjúkratryggða og hann hafi val um hvar hann sækir sína þjónustu. Þannig sitji allir við sama borð, hvort sem reksturinn er opinber eða á hendi einkaaðila.

### Nýir búvörusamningar

Samtök atvinnulífsins telja brýnt að opinber stuðningur við landbúnað hvetji til aukinnar samkeppni innan greinarinnar þannig að bændur nýti sem best gæði og sérstöðu sem land þeirra hefur upp á að bjóða. Þannig má ýta undir framþróun og nýsköpun sem leiðir til aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar í landbúnaði sem kemur bændum, neytendum og samfélaginu í heild til góða.

Í nýundirrituðum búvörusamningum eru ákvæði sem stuðla að framþróun og aukinni samkeppni í landbúnaði hins vegar bæði óljós og engan veginn nægjanleg í ljósi þess að samningarnir gilda til næstu 10 ára. Áfram verður viðskiptaumhverfi í mjólkuriðnaði að mestu óbreytt á samningstímanum og Mjólkursamsalan undanþegin samkeppnislögum.

Samtök atvinnulífsins hafa mótmælt því að færa eigi magntolla á mjólkur- og undanrennudufti og ostum aftur til sama raunverðs og gildi í júní 1995, þegar GATT-samningurinn tók gildi hér á landi. Þessi áform eru fyrirhuguð á sama tíma og verið er að lækka innflutningstolla á fullframleiddum vörum líkt og ís og súkkulaði. Augljóslega er verið að draga úr samkeppnishæfni innlendrar framleiðsluvöru sem nota umrædd hráefni. Nær væri að gera





### Íþyngjandi regluverk atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað í umsögnum sínum um þingmál og á öðrum vettvangi mótmælt sífelld auknum álögum á atvinnulífið í formi skatta og íþyngjandi reglna. Þá hafa SA hvatt stjórnvöld til að einfalda allt opinbert eftirlit og fækka þeim tilvikum þar sem þörf er á leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnustarfsemi. Þess í stað myndi nægja að tilkynna um nýja starfsemi.

Ríkisstjórnin ásetti sér í upphafi að beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Framfylgd þessa ásetnings hefur verið afar rýr. Fjöldmörg stjórnarfrumvörp verið lögð fram undanfarin þrjú þing þar sem innleidd eru íþyngjandi og kostnaðarsamar reglur fyrir atvinnulífið, oftast lítt rökstuddar.



Í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í lok maí 2015 ítrekaði ríkisstjórnin vilja sinn til að taka til endurskoðunar löggjöf sem áhrif hefur á atvinnulífið með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi. Með því er stefnt að því að draga úr kostnaði fyrirtækja, auka framleiðni í atvinnulífinu, bæta samkeppnishæfni þess og stuðla að auknum kaupmætti. Í framhaldinu skipaði ríkisstjórnin samstarfsnefnd sem hefur það hlutverk að semja tillögur til breytinga á löggjöf sem miði að sameiningu eftirlitsstofnana, endurskoðun leyfisveitinga og eftirlits með atvinnurekstri.

### Fasteignamat hækkar skattbyrði fyrirtækja um 1,3 milljarða

Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat á síðasta ári sem tók gildi í janúar 2016. Hækkun mats á atvinnuhúsnæði er 2,4%. Á síðasta ári hækkaði fasteignamat atvinnuhúsnæðis um 12,4% en ennþá meira á stórum hluta verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu eða um 18%. Fasteignagjöld hefðu hækkað um sambærilegt hlutfall, eða alls um 1.300 milljónir króna á landinu öllu, en vegna þess að ákveðið var að hækkun síðasta árs taki gildi í áföngum munu fasteignaeigendur ekki finna að fullu fyrir hækkuninni fyrr en með álagningu gjaldanna á árinu 2016.

Samtök atvinnulífsins bentu fasteignaeigendum á að kynna sér breytingar á mati eigna sinna og að nýta sér heimild til að gera athugasemdir vegna þess. Ástæða hækkaðs fasteignamats er að á síðasta ári hratt Þjóðskrá Íslands í framkvæmd breyttri aðferðafræði við fasteignamat á meirihluta verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á landinu. Ný matsaðferð olli 18% hækkun á 68% skrifstofu- og verslunarhúsnæðis í Reykjavík en hækkunin var afar misjöfn eftir tegundum eigna og svæðum en fjöldmörg dæmi eru um fasteignir þar sem matið hækkaði um og yfir 100% milli ára. Fyrir stór fasteignafyrirtæki getur hækkun fasteignagjalda í kjölfarið numið tugum milljóna króna á ári.

Samkeppnishæfnisvið SA



# MEÐALTEKJUR Á ÍSLANDI NÆST HÆSTAR Á NORÐURLÖNDUM

Ísland er hálaunaland samkvæmt alþjóðlegum samanburði OECD, Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunarinnar í París. Í umræðu um kjaramál er því hins vegar sífellt haldið fram að Ísland sé lágláunaland, einkum í samanburði við Norðurlönd. Samkvæmt gögnum OECD eru meðaltekjur á Íslandi næst hæstar á Norðurlöndunum og því er nær sanni að segja að Ísland sé hálaunaland.

Við samanburð launa milli landa er algengast að látið sé nægja að umreikna þau í sama gjaldmiðil. Sá einfaldi útreikningur dregur upp skakka mynd af mismun á kaupmætti launa og þar með lífskjörum í viðkomandi löndum.

Ástæðurnar eru einkum tvær. Skattkerfi ríkja eru mismunandi sem hefur áhrif á ráðstöfunartekjur og kaupmátt þeirra og þar sem laun eru há er verðlag einnig hátt og þar sem laun eru lág er verðlag lágt. Af síðarnefndu ástæðunni er mismunur á launum milli landa meiri en á kaupmætti launa.

## Bestu launakjörin í Sviss – Ísland í tíunda sæti

OECD, birtir árlega samanburð á launum í aðildarríkjum stofnunarinnar þar sem tillit er tekið til mishás verðlags og ólíkra skatt- og bótakerfa. Samanburður er gerður á kaupmætti meðalárstekna launafólks fyrir og eftir skatta og bótagreiðslur í sameiginlegri mynt, bandaríkjadollurum (USD). Mismunandi fjölskyldugerðir eru bornar saman, þ.e. barnlausir einstaklingar, einstæðir foreldrar og sambýlisfólk með börn og án þeirra, með meðaltekjur og þriðjungji hærri eða lægri tekjur en þær.

Samanburðurinn sem er gerður á grundvelli meðalárstekna nær til 34 ríkja OECD og eru nýjustu tölur frá árinu 2014. Langhæstu meðalárstekjur einstaklinga eftir skatta og bætur voru greidd

í Sviss, 55 þúsund kaupmáttarleiðréttir USD. Þar á eftir komu Noregur og Lúxemborg með 42 þúsund USD en Ísland var í tíunda sæti með 36 þúsund USD.

## Ísland nálgast Noreg

Árið 2014 voru meðalárstekjur barnlauss einstaklings á Íslandi eftir skatta og bætur næst hæstar á Norðurlöndum, eða 36 þúsund USD, samanborið við 42 þúsund í Noregi, 35 þúsund í Svíþjóð og 32 þúsund í Danmörku og Finnlandi.


Miklar breytingar hafa orðið á gengi gjaldmiðla frá árinu 2014. Íslenska krónan hefur styrkst, evran veikst gagnvart USD og norska krónan fallið mikið. Í október 2015 hafði evran veikst um 16% gagnvart USD og norska krónan um 28%. Íslenska krónan hafði styrkst um 20% gagnvart norskri krónu, um 9% gagnvart evru en veikst um 7% gagnvart USD. Auk mikilla breytinga á gengi gjaldmiðla hafa laun á Íslandi hækkað mun meira en í öðrum ríkjum. Þessar breytingar gerbreyta alþjóðlegum samanburði á launakjörum. Framreikningur á samanburði OECD fyrir árið 2014 til október 2015, þar sem tekið er tillit til gengisbreytinga og þróunar launa og verðlags milli þessara tímabila, leiðir í ljós að Ísland er í öðru sæti í Norðurlandasamanburði, hvort sem litið er á meðalárstekjur fyrir eða eftir skatta og bætur.

Þegar litið er á árstekjur eftir skatta og bætur voru meðaltekjurnar orðnar 39 þúsund USD, eða 8% lægri en í Noregi en 2% hærri en í Svíþjóð og 17% hærri en í Finnlandi og 20% hærri en í Danmörku.

## Hálaunaland með hálaunastefnu


OECD áætla að laun í aðildarríkjunum hækki að meðaltali um 2,2% á þessu ári. Þegar litið er til Norðurlanda er áætlað að laun hækki að meðaltali um 1,3% í Finnlandi, 1,9% í Danmörku, 2,6% í Svíþjóð og 2,9% í Noregi. Á Íslandi er meðalhækkun launa áætluð 7,5% og sker landið sig algerlega úr þar sem launabreytingar í þeim löndum sem næst koma eru í kringum 3%.

Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu (%)



Heimild: OECD, Taxing Wages. Október 2015 framreiknaður frá 2014 miðað við launa-, verðlags- og gengisþróun

## Breyting kaupmáttar og framleiðni árið 2015 á Norðurlöndunum og OECD í heild



## Efnahagslögmáli storkað

Það telst til efnahagslögmála að kaupmáttur launa geti ekki aukist til langframa nema framleiðni aukist að sama skapi. Hægt er að víkja frá þessu sambengi kaupmáttar launa og framleiðni til skamms tíma en munurinn jafnast út með tímanum. Frávik frá þessu langtímasambandi geta þó orðið af völdum breyttra viðskiptakjara þannig að bætt viðskiptakjör geta stuðlað að kaupmáttaraukningu umfram vöxt framleiðni en á hinn bóginn leiða versnandi viðskiptakjör til lakari kaupmáttarþróunar.

Framleiðni og kaupmáttur launa þróast nokkurn veginn í takt á ári hverju í þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við.

Samkvæmt tölum OECD var þróun þessara stærða í Danmörku og Svíþjóð svipuð 2015, en í Finnlandi óx kaupmáttur heldur meira en framleiðni en í Noregi heldur minna. Í OECD ríkjunum í heild óx kaupmáttur nokkuð umfram framleiðni sem að mestu má rekja til þróunarinnar í Bandaríkjunum þar sem kaupmáttur jókst um 2,5% en framleiðni stóð í stað. Ísland sker sig úr í þessum alþjóðlegum samanburði þar sem kaupmáttur launa jókst um 6% en framleiðni minnkaði um 0,4%.

## ERLEND SAMSKIPTI

### Evrópska efnahagssvæðið EES

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægasti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gert og hefur haft mikil og jákvæð áhrif á atvinnulífið hér á landi. Stjórnvöld efndu á síðasta ári til markviss samstarfs við hagsmunasamtök um þróun samningsins. Haldnir eru reglulegir fundir þar sem farið er yfir væntanlega löggjöf ESB og leið hennar inn í EES – samninginn. Fulltrúar hagsmunasamtakanna geta komið á framfæri athugasemdum og ábendingum um mikilvæg atriði sem tengjast viðkomandi löggjöf. Fjallað hefur verið um væntanlegar breytingar á matvælaölggjöf ESB. Í undirbúningi er umfjöllun um löggjöf um fjármálamarkaðinn og um samstarf ESB og Íslands á sviði loftslagsmála. Einnig hefur verið rætt almennt um hvernig gangi að innleiða löggjöf svæðisins hér á landi.

Aðilar að EES-samningnum eru Ísland Noregur og Lichtenstein auk ESB og aðildarríkja þess. EFTA ríkið Sviss er ekki aðili að EES-samningnum. EES-samningurinn er ein grunnstoð atvinnulífsins á Íslandi og veitir borgurum landsins og fyrirtækjum aðgang að innri markaði Evrópusambandsins þar sem frjálst vöruflæði og staðfesturéttur og þjónustufrelsi eru tryggð ásamt frjálsri vinnuafli og fjármagns. Samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Hann hefur staðist vel tímans tönn. Meginþunginn í vinnu íslenskra stjórnvalda við rekstur samningsins er innleiðing laga og reglna Evrópusambandsins.

Samtök atvinnulífsins eru fylgjandi stefnu stjórnvalda um viðtæka þátttöku í samstarfi Evrópuríkja og Atlantshafsríkja í viðskipta- og efnahagsmálum. Viðskipti Íslendinga beinast áfram fyrst og fremst til ríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu og til Norður Ameríku og til Austur Evrópu auk Asíu. Engin breyting hefur orðið á samskiptum Íslands og ESB og engar breytingar fyrirsjáanlegar. Mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi er óumdeilt og innflutningsbann Rússlands á sjávarafurðum hefur hlutfallslega mest áhrif á Ísland af löndum EES.



### Ráðgjafanefnd EFTA

SA eiga aðild að ráðgjafanefnd EFTA sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þar er fjallað um þróun EES – samningsins, með hliðsjón af hagsmunum aðila vinnumarkaðarins. Nefndin vinnur annars vegar að gerð sameiginlegra álitgerða nefndarinnar og ráðgjafanefndar Evrópusambandsins og hins vegar að sjálfstæðum álitgerðum sem kynntar eru fyrir fastanefnd EFTA í Brussel og ráðherrum EFTA-ríkjanna. Á árinu 2015 tók nefndin m.a. fyrir líkleg áhrif fyrirhugaðs fríverslunarsamnings milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins á EES-löndin, mikilvægi nýrra hátækni starfa fyrir sjálfbærar hagvöxt og fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðið.

### Skrifstofa SA í Brussel

Samtök atvinnulífsins eru aðilar að BUSINESS EUROPE sem er öflugur málsvari fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum í 34





löndum Evrópu. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Brussel og gæta m.a. hagsmuna atvinnulífsins gagnvart ESB.

Skrifstofa SA-Samtaka atvinnulífsins í höfuðstöðvum Evrópu-samtaka atvinnulífsins BUSINESSEUROPE í Brussel gegnir því hlutverki að fylgjast með þróun löggjafar Evrópusambandsins og meta áhrif hennar á starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi. Starfsmaður SA hefur viðveru í Brussel hluta ársins og er fastafulltrúi SA hjá BUSINESSEUROPE. Hann gætir hagsmuna aðildarfélaga SA gagnvart samningnum um Evrópska efnahagsvæðið EES-samningnum í samráði við aðalskrifstofu SA í Reykjavík og aðildarfélög SA og við fulltrúa annarra samtaka atvinnulífsins í Brussel. Samstarf er við utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í Belgíu.

BUSINESSEUROPE

**Norrænt samstarf**

Um langa hríð hafa Samtök atvinnulífsins átt náið samstarf við systursamtök sín á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórnar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og haldnir eru

árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Samtökin fjalla um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu.

**Íslendingar vilja gera fríverslunarsamning við Bandaríkin**

Framkvæmdastjórnar samtaka atvinnulífs á Norðurlöndum hvöttu til þess í október 2015 að fríverslunarviðræðum ESB og Bandaríkjanna yrði lokið 2016 og samningurinn tæki gildi við fyrsta mögulega tækifæri. Ný könnun sýndi afgerandi stuðning við samninginn í öllum löndunum. Mikill meirihluti, eða rúmlega sjö af hverjum tíu, sögðust almennt fylgjandi frjálsum viðskiptum. Þeir sem voru jákvæðir í garð mögulegs fríverslunarsamnings ESB og Bandaríkjanna voru fjórum sinnum fleiri en þeir sem voru neikvæðir.

Meirihluti Íslendinga styður gerð samningsins en aðeins 7% er honum mótfallinn.

Sjá nánari niðurstöður



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Stjórn SA kom átta sinnum saman á starfsárinu 2015-2016. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru eftirfarandi kosin í framkvæmdastjórn, auk Björgólfs Jóhannessonar formanns SA: Guðrún Hafsteinsdóttir, Grímur Sæmundsen, Höskuldur H. Ólafsson, Jens Garðar Helgason, Kolbeinn Árnason, Margrét Sanders og Sigsteinn P. Grétarsson. Guðrún Hafsteinsdóttir var kosin varaformaður. Þá var skipað í kjörstjórn og stjórn Vinnudeilusjóðs.

Margrét Kristmannsdóttir, hætti sem varaformaður SA á aðalfundi samtakanna 2015 en hún gegndi embættinu frá 2013 ásamt því að eiga sæti í framkvæmdastjórn samtakanna. SA þakka Margréti öflugt starf í þágu Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnin fjallaði mikið um kjaramál á starfsárinu enda einkenndist árið 2015 af mestu átökum á vinnumarkaði í áratugi. Við slíkar aðstæður reynir mikið á samtökin og viðleitni þeirra til að stuðla að vinnufriði. Ástandið á vinnumarkaðnum var fordæmalaust því fullkomið vantraust ríkti á milli stéttarfélaganna, bæði milli heildarsamtaka þeirra á almenna og opinbera vinnumarkaðnum og stéttarfélaganna innan ASÍ. Við slíkar aðstæður eiga SA erfitt með að taka frumkvæði og gera stefnumótandi kjarasamninga.

Stjórnin felldi samhljóða kjarasamning eins aðildarfyrtækis Samtaka atvinnulífsins við Verkalýðsfélag Akraness, sem gerður var án samráðs við SA, og var til þess fallinn að brjóta niður samstöðu á vettvangi samtakanna. Stjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún myndi taka sömu ákvörðun ef fleiri aðildarfyrtæki gerðu slíka samninga beint við verkalýðsfélög.

Stjórnin fjallaði um kjarasamning SA við verkafólk og verslunarmenn í lok maí 2015, bæði fyrir og eftir undirritun hans, og að önnur félög, þ.m.t. önnur félög innan ASÍ, töldu hann ekki stefnumarkandi fyrir sig þótt hann tæki til 70 þúsund launamanna.



Kjarasamningurinn var mjög kostnaðarsamur fyrir atvinnulífið.

Stjórnin fjallaði um fjárlagafrumvarp fyrir 2016 og taldi rétt að gagnrýna ranga forgangsröðun fjármuna og útþenslu ýmissa stofnana. Fjármálastjórn ríkisins væri ekki ábyrg við þær efnahagslegu þensluaðstæður sem væru að skapast í þjóðabúskapnum. Sveitarfélögin voru einnig gagnrýnd fyrir fjármálastefnu sína, en gjöld þeirra hafa aukist mikið vegna kostnaðarsamra kjarasamninga með þeim afleiðingum að þau krefjast aukinna skatttekna af ríkisvaldinu.

Stjórnin leggur áherslu á að stjórnvöld einfaldi regluverk. Fara þurfi betur með fé skattgreiðenda, stöðva útgjaldaaukningu ríkisins og auka kröfur um hagræðingu.

Stjórnin fjallaði um ábyrgðarleysi við gerð kjarasamninga sem m.a. birtist í niðurstöðu gerðardóms í málum BHM og Félags hjúkrunarfræðinga og sprengdi í loft upp þá launastefnu sem mótuð hafði verið á almenna vinnumarkaðnum. Stjórnin var sammála um að þrengja þyrfti möguleika starfsgreina hins opinbera til að fara í óöglegar verkfallsaðgerðir í formi hópuppsagna.

Stjórnin lýsti áhyggjum af samkeppnisstöðu atvinnulífsins og af ferðaþjónustunni sérstaklega, þar sem við miklar launahækkanir bættist aukinn vaxtakostnaður og styrking gengis krónunnar. Ísland væri nú þegar dýr áfangastaður, launahlutfall í ferðaþjónustu væri hátt og þar af leiðandi myndi víða hrikta í stoðum greinarinnar.

Stjórnin samþykkti rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins (nema BHM og KÍ) sem undirritað var 27. október 2015. Í samkomulaginu fólst ákvörðun um stofnun þjóðhagsráðs, sameiginleg launastefna til 2018, útlínur að nýju vinnumarkaðslíkani, áform um breytingu á stjórnun lykilstofnana vinnumarkaðarins, mótun nýrrar peningastefnu og áform um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Stjórnin taldi að í nýju vinnumarkaðslíkani þyrfti auknar og skýrari heimildir ríkissáttasemjara til afskipta af kjaradeilum, vinnubrögð stéttarféлага þyrftu að breytast í nýju samningalíkani og takmarka þyrfti verkfallsrétt heilbrigðisstarfsmanna.





Stjórnin samþykkti að ganga til samninga við ASÍ á grundvelli rammasamkomulagsins með þeim fyrirvara að stjórnvöld mættu kröfum SA um mótvægisáðgerðir. Kröfur á stjórnvöld væru eðlilegar við ríkjandi aðstæður og þau þyrftu að koma til móts við atvinnulífið. Stjórnvöld yrðu að lækka tryggingagjald.

### Störf framkvæmdastjórnar SA

Framkvæmdastjórnin kom 16 sinnum saman á starfsárinu 2015-2016. Kjaramálvoru fasturliður á fundum framkvæmdastjórnarinnar og tók mestan tíma hennar, en gerð er grein fyrir meginþáttum þeirra í umfjöllun um störf stjórnar hér að framan.

Framkvæmdastjórnin ákvað að vara við afleiðingum boðaðra vaxtahækkana og hvetja Seðlabankann til þess að stíga varlega til jarðar. Endurskoða þyrfti peningastefnuna þannig að helstu afleiðingar hennar fælust ekki í styrkingu gengis krónunnar.

Fjallað var um tillögur ráðherraskipaðrar nefndar um breytingar á



almannatryggingum sem fela m.a. í sér að lífeyrisaldur hækki hæðum í skrefum í 70 ár, að greiddur verði einn lífeyrir til elli- og örorku- lífeyrisþega í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærslu- uppbótar, að tekið verði upp starfsgetumat í stað læknisfræðilegs mats á heilsufari (örorkumat) eins og nú er og að víxlverkanir í samspili almennatrygginga og lífeyrissjóða verði afnumdar.

Framkvæmdastjórnin ákvað að öll aðildarsamtökin hefðu samstarf sín á milli um öflun nýrra félagsmanna, auk þess að vinna ein og sér að því markmiði.

Fjallað var um fiskveiðistjórnunina og vinnubrögð stjórnvalda varðandi úthlutun aflaheimilda og ákvörðun veiðigjalda.

Fjallaði var um nýtt vinnuþáttamódel. Framkvæmdastjórnin var sammála um að halda áfram á þeirri vegferð og reyna að knýja fram jákvæða niðurstöðu, því núverandi líkan setti efnahagslífið á endanum í þrot.

Fjallað var um viðræður stjórnvalda og Bændasamtakanna um endurnýjun búvörusamnings sem fóru fram á bak við luktur dyr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Framkvæmdastjórnin áréttaði óánægju sína með þá leynd sem hvíldi yfir viðræðunum, lýsti áhyggjum af væntanlegu innihaldi samningsins og ákvað að fara þess á leit við ráðuneytið að SA fengju aðkomu SA málinu.

Fjallað var um eftirlitsstarfsemi Samkeppniseftirlitsins og Seðlabankans og áhrif hennar á starfsumhverfi atvinnulífsins. Framkvæmdastjórnin fól SA og aðildarfélögum þess þrýsta á stjórnvöld um efnidir á loforðum um einföldun regluverks.

Fjallað var um styrkbeiðni frá utanaðkomandi aðilum og sú stefna áréttuð að meginreglan væri að SA ættu ekki að veita styrki nema í undantekningartilvikum.

Fjallað var um reglur SA um tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða, einkum hæfisreglur fyrir stjórnarmenn og aðferðir við tilnefningar. Framkvæmdastjórnin lagði áherslu á að allir tilnefningaraðilar samræmdu hæfisreglur fyrir stjórnarmenn og reglur um hámarks tíma



stjórnarsetu. Reglum SA yrði breytt á þann veg að stjórnarmenn sem SA tilnefndu skyldu beita sér fyrir því að samþykktir sjóðanna tækju á hugsanlegum hagsmunaárekstrum og þannig giltu sömu reglur fyrir alla stjórnarmenn, en ekki mismunandi eftir tilnefningaraðilum. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem falið væri að semja drög að nýjum reglum SA um tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða.

Fjallað var um drög að nýjum samkeppnisreglum SA sem bóða endanlegar afgreiðslu framkvæmdastjórnarinnar eftir umfjöllun í aðildarfélögunum.

### Samorka í Hús atvinnulífsins

Samorka – samtök orku og veitufyrirtækja fluttu í Hús atvinnulífsins í nóvember. Öll aðildarsamtök SA eru því komin undir eitt þak eins og stefnt var að við stofnun samtakanna árið 1999. Samtök atvinnulífsins og starfsfólk í Húsi atvinnulífsins bjóða Samorku velkomin í húsið en flutningur samtakanna er hluti af stefnumótunarvinnu á vegum samtakanna. Starfsemi Samorku mun taka verulegum breytingum en m.a. hafa verið ráðnir tveir nýir sérfræðingar til samtakanna sem munu sinna greiningar- og upplýsingamálum.

### Skrifstofa SA

Samtök atvinnulífsins réðu tvo nýja starfsmenn á skrifstofu samtakanna í desember. Ingibjörg Björnsdóttir var ráðin sem lögmaður á vinnu- markaðssvið samtakanna. Ingibjörg er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi. Auk þess er hún viðurkenndur bókari frá Háskóla Reykjavíkur.

Hrafnhildur Stefánsdóttir var ráðin skjalastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hrafnhildur er bókasafns- og upplýsingafræðingur frá Háskóla Íslands. Auk þess að vinna fyrir SA mun hún veita félögum í Húsi atvinnulífsins ráðgjöf við upplýsingastjórnun.

Álfheiður M. Sívertsen lögmaður á vinnumarkaðssviði SA og starfsmaður samtakanna til 15 ára lét af störfum hjá SA á sama tíma. Álfheiður tók við nýju starfi sem forstöðumaður áhafnadeildar Icelandair.

Samtök atvinnulífsins bjóða Ingibjörgu og Hrafnhildi velkomnar til starfa og þakka Álfheiði öflugt og gott starf í þágu samtakanna í gegnum árin.



## KYNNING OG MIÐLUN

Vefurinn gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun Samtaka atvinnulífsins. Í hverri viku er birt nýtt og fjölbreytt efni á [www.sa.is](http://www.sa.is), fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins, stefnumörkun í fjölda málaflokka, greiningar og skoðanir SA á málum sem varða líf skjör þjóðarinnar og starfsskilyrði fyrirtækjanna í landinu.

Á vefnum eru kjarasamningar sem SA hafa gert og efni sem þeim tengist. Félagsmenn SA hafa einnig aðgang að sérstökum þjónustuvef þar sem þeir geta sótt sér upplýsingar um vinnumarkaðsmál allan sólarhringinn. Á vefnum er einnig að finna allt útgæfið efni samtakanna.

Yfirlit yfir þá sem tilnefndir eru í nefndir ráð eða stjórnir af hálfu SA er einnig að finna á vefnum.

### Fundir og ráðstefnur

Samtök atvinnulífsins efna reglulega til opinna funda þar sem brýn samfélagsmál eru rædd. Yfirlit yfir þá helstu er að finna hér að neðan en ítarlegri umfjöllun um efni þeirra má nálgast á vef SA.

### Gerum betur

Ársfundur atvinnulífsins 2015 fór fram fimmtudaginn 16. apríl í Hörpu. Yfir 500 gestir úr atvinnulífi og stjórnámum mættu til fundarins auk þess sem um 1.000 manns horfðu á dagskrána í beinni útsendingu. Gerum betur var yfirskrift fundarins og var nýtt rit SA með sama heiti lagt fram. Í því er að finna tillögur að því hvernig gera megi Ísland að betri stað til að búa á, starfa og reka fyrirtæki. Þar er bent á nauðsyn þess að efnahagsumhverfið sé stöðugt svo hægt sé að skapa betri líf skjör og auka kaupmátt heimilanna. Gerum betur byggir á 10/10 stefnumörkun Samtaka atvinnulífsins um að koma Íslandi í hóp tíu samkeppnishæfustu þjóða heims fyrir árið 2024. Sérstakur gestur fundarins var Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra Íslands, ávarpaði fundinn og ræddi um tækifærin sem Íslendingar hafa, stöðu mála á vinnumarkaði og í efnahagslífinu og framtíðina.

„Staða efnahagsmála er góð og möguleikar til áframhaldandi kaupmáttaraukningar eru miklir. Erlendir blaðamenn, fulltrúar alþjóðastofnanna og aðrir erlendir gestir sem hingað koma til að kynna sér stöðu efnahagsmála klóra sér mjög í höfðinu yfir stöðunni á vinnumarkaði. Þegar búið er að fara yfir kaupmáttaraukningu síðustu ára, tekjudreifingu, hlutfall launa af verðmætasköpun og spár um framtíðarhagvöxt spyrja menn hvert sé eiginlega vandamálið? Þegar litið er á launaþróun á síðustu árum kemur í ljós að hún er merkilega lík á milli stétta þrátt fyrir að tekið sé tillit til þeirra hækkana sem einstaka stéttir hafa náð á síðastliðnum tólf mánuðum. Helstu breytingarnar eru þær að lægri laun hafa hækkað meira en meðallaunin, laun verkafólks hafa hækkað meira en stjórnenda og laun kvenna hafa hækkað meira en laun karla. Fá lönd eru nú með meiri tekjujöfnuð en Ísland. Hlutfall launa af verðmætasköpun var hið þriðja hæsta í heiminum árið 2013. Þrátt fyrir þessar staðreyndir ríkir mikil ólga á vinnumarkaði.“

Sigmundur sagði vel til fundið að bjóða Göran Persson til fundarins.

„Sá agi og festa sem ríkir í sænska vinnumarkaðslíkaninu er mikilvægur þáttur í efnahagslegri velgengni Svía og okkur til eftirbreytni.“

### Ræða forsætisráðherra

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, var endurkjörinn formaður samtakanna á aðalfundi SA sem fór fram fyrr um daginn í Húsi atvinnulífsins. Björgólfur var kjörinn með rúmlega 98% greiddra atkvæða í rafrænni atkvæðagreiðslu sem fram fór meðal aðildarfyrirtækja SA og var þátttaka góð. Björgólfur ávarpaði Ársfund atvinnulífsins og vitnaði í æviminningar Benjamíns H.J. Eiríkssonar í upphafi.

„Kaupgjaldssamningar á Íslandi hafa allt fram á síðustu ár minnt mig á smásögu eftir Ignazio Silone. Fátækir bændur og







landeigandi skiptu með sér vatni úr fjallalæk, sem féll um hið þurra land þeirra. Deilunni um skiptingu vatnsins lauk með því, að hvor aðili skildi fá tvo þriðju hluta vatnsins! Um þetta var samið. Allir voru ánægðir.“

Björgólfur sagði atvinnulífið ekki geta staðið undir tugprósenta launahækkunum eins og kröfur voru uppi um á þessum tíma og gagnrýndi forystu verkalyðshreyfingarinnar.

„Það heyrir ekki í neinum forystumanni stéttarfélags, sem virðist hafa áhyggjur af því að verðlag og vextir hækki, skuldabyrði fólks vaxi, að gengi krónunnar muni veikjast og að nýr verðbólguþráll geti farið af stað. Í aðdraganda þjóðarsáttarsamninganna 1990 höfðu helstu forystumenn verkalyðshreyfingarinnar dregið þá ályktun að óstöðugleiki og óðaverðbólga kæmu verst við þá sem lægstar hefðu tekjurnar. Það sama kom einnig berlega í ljós í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þetta á enn við og þeir sem fara verst út úr nýjum kollsteypum eru þeir sem síst mega við áföllum í sínum heimilisrekstri.“

Björgólfur ræddi líka um leiðir til að auka samkeppnishæfni Íslands. „Frjáls viðskipti eru grundvöllur framfara í atvinnulífinu. Alþjóðleg viðskipti og samkeppni tryggir best árangur fyrirtækjanna og að neytendur fái sem bestar vörur og þjónustu á sem hagstæðustu verði. EES – samningurinn er mikilvægasti viðskiptasamningur Íslands og hefur reynst atvinnulífinu, og um leið þjóðinni, afar verðmætur. Það er nauðsynlegt að nýta þá möguleika sem í honum felast, fylgjast betur með undirbúningi að breytingum sem á honum kunna að verða og trassa ekki að framfylgja honum.“

Formaður SA ítrekaði að lokum vilja samtakanna til að vinna með forystumönnum verkalyðshreyfingarinnar og stjórnvöldum til að bæta hag allra landsmanna.

#### Ræða formanns SA

Að loknu erindi Björgólfs steig Göran Persson á stökk og tók sterkt til orða. „Ykkar bíða stórkostlegar áskoranir,“ sagði hann m.a. í



ávarpi sínu og vísaði til þess að fjármálakreppa Íslendinga hafi verið heimatilbúin og það væri þjóðarinnar að leysa úr henni. Því verkefni væri langt í frá lokið og í raun væri það erfiðasta eftir. Ráðast þurfi í kerfisbreytingar á Íslandi til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig.

Persson tók það skýrt fram að miklar launahækkanir á skömmum tíma séu ekki ávísun á raunverulegar kjarabætur vegna verðbólgunnar sem fylgi heldur þvert á móti. Um það vitnar saga Svía.

Persson sagði Íslendinga hafa margt fram að færa og í raun vera í öfundsverðri stöðu. Þjóðin væri ung, vel menntuð og rík af auðlindum þannig að hér væru allar forsendur til staðar til að auka samkeppnishæfni og bæta lífskjör landsmanna. Til þess að það takist verði þjóðin hins vegar að vera varkár en í grundvallaratriðum séu efnahagshorfur Íslands góðar.

Um leið væri staða Íslands á alþjóðavettvangi sérstök þar sem hér væru gjaldeyrishöft. Hvatti hann Íslendinga til að vanda til verka við afnám þeirra. „Markaðurinn fylgist með ykkur,“ sagði Persson ákveðinn og benti á að ef verðbólga fari úr böndunum ásamt stjórn efnahagsmála sé afnám hafta ómögulegt eða muni í versta falli hafa alvarlegar afleiðingar.

#### Göran Persson: Ykkar bíða stórkostlegar áskoranir

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, Oddur Steinarsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Hulda Sigríður Hreggviðsdóttir, sem stýrir rannsóknum og þróun hjá Zymetech og Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar fluttu einnig áhugaverð erindi um hvað Íslendingar geti gert betur.

Liv fjallaði um fjarskiptabyltinguna sem hefur átt sér stað í heiminum á undanförunum árum, sýndarveruleika og óvænta samkeppni vegna tækninýjunga og framfara. Oddur fjallaði um mikilvægi fjölbreytni og samkeppni í heilbrigðisþjónustu til að tryggja sjúklingum aukið val og meiri gæði. Hulda fjallaði um markaðssetningu á úða í Svíþjóð



sem vinnur gegn kvefi en úðinn er m.a. unninn úr þorskensímum. Þá fjallaði Grímur um byltinguna sem hefur átt sér stað í íslenskrri ferðaþjónustu, aukið menntunarstig innan greinarinnar og mikla fjárfestingu hjá ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru í örurum vexti.

*Liv, Oddur, Hulda og Grímur bentu á leiðir til að gera betur*

Fjölbreyttur hópur stjórnenda, allt frá sprotafyrirtækjum til stærstu fyrirtækja landsins, rýndu einnig í stöðu mála með Samtökum atvinnulífsins í aðdraganda Ársfundar atvinnulífsins 2015. Hópurinn var spurður að því hvað stjórnvöld og atvinnulíf geti gert betur til að bæta lífskjör á Íslandi og eins fékk fólk eina ósk fyrir hönd Íslands sem það nýtti með ýmsum hætti.

*Ef þú ættir eina ósk fyrir Ísland... veistu hvers þú myndir óska þér?*

Upptökur af fundinum í heild má nálgast hér að neðan ásamt ritinu *Gerum betur*. Fundinum stýrði Þórána Jónsdóttir, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

*Upptökur frá Ársfundi atvinnulífsins 2015*  
*Gerum betur (PDF)*  
*10/10 (PDF)*

## Rjúfum Íslandsmúrinn

Samtök atvinnulífsins efndu til opins morgunverðarfundar um afnám gjaldeyrishafta 12. maí í Hörpu. Þar var rýnt í hvenær mögulegt væri að afnema höftin og hvernig. Til máls tóku Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, Ásgeir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands og Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, ávarpaði fundinn í upphafi og sagði að það væri ekki eftir neinu að bíða.

*Um fjöllun á vef SA*



## Tjald atvinnulífsins

Dagana 11. til 13. júní flutti Hús atvinnulífsins í Vatnsmýrina og reisti Tjald atvinnulífsins. Þar var boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá um nauðsyn öflugs atvinnulífs til að fólk geti notið góðra lífskjara. Uppátækið var hluti af Fundi fólksins sem fram fór í Norræna húsinu og næsta nágrenni þess.

Um var að ræða þriggja daga líflega hátíð um samfélagsmál að norrænni fyrirmynd þar sem opin skoðanaskipti eru leiðarstefið. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Frumtök, Samtök álframleiðenda og Litla Ísland, stóðu að Tjaldi atvinnulífsins og buðu upp á 23 fjölbreytta og spennandi viðburði.

## Eru til karla- og kvennastörf?

Atvinnuvegaráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu fyrir morgunfundi í maí þar sem rætt var um hvernig fyrirtæki hafa náð að brjótast út úr hefðbundinni kynjaskiptingu starfa.

Á fundinum sögðu Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan og handhafi Hvatningarverðlauna jafnréttismála 2014 og Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, frá því hvernig unnið er að jafnrétti í þeirra fyrirtækjum og hvaða leiðir séu færar til að hafa jafna kynjahlutfall í störfum. Einnig fjallaði Sigurður Snævarr, hagfræðingur, um niðurstöður nýlegrar rannsóknar um kynbundinn launamun sem unnin var af aðgerðarhópi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti.

## Þjóðin sem valdi Vigdís

Árið 2015 voru 35 ár liðin frá sögulegu kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands en hún var fyrst kvenna í heiminum sem kosin var í lýðræðislegum kosningum til að gegna hlutverki þjóðhöfðingja. Af því tilefni var efnt til hátíðardagskrár á Arnarhóli



sunnudaginn 28. júní. Að dagskránni stóðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskóli Íslands í samvinnu við fjölmargra aðila, m.a. Samtök atvinnulífsins.

### Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í fyrsta sinn þann 30. september á Hilton Reykjavík Nordica. Á þriðja hundrað manns úr atvinnulífi, stjórnámálum og stjórnkerfi komu saman og ræddu sjálfbæra nýtingu auðlinda auk þess sem boðið var upp á fjölda málstofa þar sem samspil umhverfismála og einstakra atvinnugreina voru til umfjöllunar. Forseti Íslands afhenti umhverfisverðlaun atvinnulífsins en þau hlutu Orka náttúrunnar og Steinull á Sauðárkróki.

Að deginum stóðu Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

Svipmyndir frá deginum eru aðgengilegar á vefnum auk þess sem hægt er að horfa á upptökur frá sameiginlegri dagskrá í fyrri hluta ráðstefnunnar.

[Umhverfisdagur atvinnulífsins 2015](#)

### Sjávarútvegsgurinn

Það eru spennandi tímar í íslenskum sjávarútvegi en það kom glöggt fram á hinum árlega Sjávarútvegsgangi sem fram fór í byrjun október. Yfirskrift dagsins var Hvað er að fréttu? og ljóst að það er engin gúrkutíð í sjávarútvegi. Fjárfestingar í greininni jukust mikið milli ára í skipum, fasteignum og búnaði auk þess sem sjávarútvegsfyrirtæki vinna að fjölbreyttum nýsköpunarverkefnum út um allt land.

Á ráðstefnunni kom fram að ný og gjöful humarmið fundust nýverið við Ísland og byltingarkennd tækni frá Marel var kynnt. Einnig var sagt frá framsækinni vöruþróun og markaðsstarfi, mikilvægi stöðugs og fyrirsjáanlegs rekstrarumhverfis,



jákvæðum áhrifum vaxandi ferðaþjónustu og rætt um ábyrgð sjávarútvegsfyrirtækja.

Forsætisráðherra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, flutti ávarp í upphafi Sjávarútvegsgangsins og talaði um hversu framarlega íslenskur sjávarútvegur stendur í alþjóðlegu samhengi. Jónas Gestur Jónasson, löggiltur endurskoðandi og meðeigandi Deloitte ehf. kynnti rekstrarniðurstöður greinarinnar fyrir árið 2014, Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri sjávarútvegsfyrirtækisins G.Run í Grundarfirði ræddi um ábyrgð fyrirtækja, Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá SFS fjallaði um fasta og breytur í íslenskum sjávarútvegi, Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. flutti erindi um nýja hugsun í sjávarútvegi og markaðstækifæri með nýrri tækni og þá dró Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélagsins upp framtíðarsýn fyrir fjárfestingar í sjávarútvegi.

Þá var rætt við þrjá stjórnendur í gegnum Skype, Þorstein Másson, einn eiganda Icelandic Fish Export í Bolungarvík, Guðmund H. Gunnarsson, framleiðslustjóra Skinneyjar-Þinganes á Hornafirði og Sigurð Viggósson, framkvæmdastjóra Odda hf. á Patreksfirði.

[Sjávarútvegsgangurinn 2015](#)

### Menntun og mannaúður

Menntahópur Húss atvinnulífsins hefur staðið fyrir fróðlegri fundaröð um menntamál veturinn 2015-2016. Þriðja þriðjudag í hverjum mánuði hefur verið boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og umræður í salnum Kviku í Húsi atvinnulífsins og hafa fundirnir verið vel sóttir.

### Nýtt sjúkrahús – opinn umræðufundur

Samtök atvinnulífsins og Háskólinn á Bifröst efndu til opins umræðufundar um nýtt sjúkrahús, 4. nóvember á Ícelandair hótél Reykjavík Natura. Gunnar Alexander Ólafsson, heilsuhagfræðingur, kynnti tillögur nýrrar skýrslu um nýbyggingar Landspítala, ólík rekstrarform og forsendur þeirra. Gunnar Tryggvason,



verkefnastjóri hjá KPMG, ræddi um forsendur og hagkvæmni þess að staðsetja nýjan spítala við Hringbraut og Hilmar Þór Björnsson, arkitekt, fjallaði um staðsetningu spítalans.

Gunnar Svavarsson, formaður stjórnar Nýs Landspítala, Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi, Óli Björn Kárason, ritstjóri og Vilhjálmur Ari Arason heilsugæslulæknir tóku þátt í umræðum í kjölfar erinda frummælenda.

#### Tækifæri við byggingu nýs sjúkrahúss

### Jafnréttissáttmáli UN Women og Global Compact

Samtök atvinnulífsins, UN Women á Íslandi og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu fyrir morgunfundi um Jafnréttissáttmála UN Women og Global Compact í Húsi atvinnulífsins 12. nóvember. Fundurinn var vettvangur fyrir fyrirtæki og stofnanir til að læra og deila reynslu sinni af því að stuðla að jafnrétti á sínum vinnustað.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA bauð gesti velkomna, Soffía Sigurgeirsdóttir, stjórnarkona hjá UN Women á Íslandi, kynnti Jafnréttissáttmálann, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans og Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, fluttu erindi um hvernig Jafnréttissáttmálinn var innleiddur í fyrirtækjunum þeirra og hvernig stuðlað er að jafnrétti innan fyrirtækjanna. Þá kynnti Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, lögbundið hlutverk fyrirtækja á sviði jafnréttismála og stuðning stofnunar við þá vinnu.

### Sæstreng til Evrópu?

Um miðjan nóvember fór fram fjölsótt ráðstefna um mögulegan sæstreng til Evrópu en kynningar frá henni eru aðgengilegar á vef SA. Þrír erlendir sérfræðingar fjölluðu um reynslu Norðmanna af lagningu sæstrengja og möguleika Íslands á evrópskum orkumarkaði ásamt því að greina nýjustu strauma og stefnur á markaðnum.



Íslendingar voru hvattir til að skoða málið af gaumgæfni og móta sér stefnu. En á sama tíma að fara varlega og kynna kosti og galla þess að tengjast orkumarkaði Evrópu fyrir öllum hagsmunaaðilum.

#### Ráðstefna um sæstreng til Evrópu

### Hvert fara peningarnir þínir?

Samtök atvinnulífsins efndu til opins umræðufundar um fjármál ríkisins, forgangsörðun fjármuna og hvað landsmenn fá fyrir skattana sína í Hörpu miðvikudaginn 18. nóvember. Fulltrúar allra stjórnmalaflokka á Alþingi tóku þátt en yfirskrift fundarins var Hvert fara peningarnir þínir? Uptaka af fundinum er nú aðgengileg á vef SA ásamt greiningu efnahagssviðs SA á fjármálum ríkisins sem var lögð fram á fundinum.

#### Hvert fara peningarnir þínir?

### Rýnt í 2016

Samtök atvinnulífsins rýndu í helstu verkefni nýs árs í byrjun janúar í árlegum hádegisverði með fjölmöldum. Að mati SA voru allar forsendur fyrir því í upphafi ársins að það gæti orðið mjög gott ár en fjölmörg viðvörunarljós hefðu kviknað sem stjórnvöld, atvinnulíf og verkaldshreyfing yrðu að taka mark á.

#### Árið 2016 gæti orðið mjög gott

### Skattadagurinn

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, hélt erindi á árlegum Skattadegi Deloitte, Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins um miðjan janúar. Í erindinu var m.a. farið yfir áhrif skattahækkana undangenginna ára á vaxandi hagkerfi. Skatttekjur hins opinbera nálgast það sem mest var fyrir hrun og eru ekki aðeins háar í sögulegum heldur einnig alþjóðlegum samanburði. Skattbyrði er nánast hvergi meiri meðal þróaðra ríkja og skyldi



engan undra því hún stendur undir opinberum útgjöldum sem einnig eru með því hæsta sem þekkist innan OECD.

*Skattbyrði nánast hvergi meiri en á Íslandi*

### Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins 2016 fór fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 28. janúar. Um 300 þátttakendur úr atvinnulífi, stjórnálmum og menntakerfinu tóku þátt í deginum. Framundan er vöxtur á nær öllum sviðum atvinnulífsins og ljóst að á næstu árum munu verða til þúsundir nýrra starfa í atvinnulífinu. Eftirspurn eftir hæfu og vel menntuðu starfsfólki mun aukast en það mun reyna mjög á menntakerfið að útskrifa fólk nægilega hratt til að mæta vextinum. Því þarf atvinnulífið ásamt verkalýðshreyfingunni að bregðast við og nýta vel starfsmenntakerfi atvinnulífsins til að auka hæfni og menntun starfsfólks sem þegar er á vinnumarkaði.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, afhenti Menntaverðlaun atvinnulífsins 2016. Icelandair Hotels er menntafyrirtæki ársins en Securitas menntasproti ársins 2016.

Að deginum stóðu Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

*Upptökur frá Menntadegi atvinnulífsins 2016*

### Af vettvangi

Samtök atvinnulífsins gefa út fréttabréfið Af vettvangi sem hefur frá aldamótunum 2000 verið gefið út í rafrænu formi. Í fréttabréfinu er að finna greinargott yfirlit yfir helstu þætti í starfsemi SA hverju sinni auk þess sem nýjar fréttir, greiningar og skoðanir er að finna í hverju tölublaði. Sendu okkur tölvupóst á sa@sa.is ef þú vilt gerast áskrifandi.

*Af vettvangi - yfirlit*

### Ársskýrsla SA

Ársskýrsla Samtaka atvinnulífsins er gefin út í rafrænu formi en prentun hennar var hætt árið 2014. Allar ársskýrslur samtakanna frá stofnun SA árið 1999 eru aðgengilegar á vefnum.

*Ársskýrslur SA*

### Sjónvarp atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa komið sér fyrir á Vimeo. Í Sjónvarpi atvinnulífsins er nú að finna á annað hundrað innslaga og upptökur af erindum frá stærri viðburðum SA og hefur það mælst vel fyrir. Kveiktu á varpinu!

*Sjónvarp atvinnulífsins á Vimeo*



# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits samtakanna sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits samtakanna. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.»

Reykjavík, 30. mars 2016.


PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

	Skýringar	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur vegna árgjalda aðildarfélaga .....		444.833.531	437.771.616
Tekjur vegna þjónustudeildar .....		120.380.688	0
Þóknun frá Vinnudeilusjóði SA vegna umsýslu .....		4.500.000	0
Félagsheimilaskjöldur .....		4.082.839	3.934.059
Aðrar tekjur .....		1.843.894	8.248.273
		<u>575.640.952</u>	<u>449.953.948</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	480.091.632	339.331.033
Kostnaður vegna funda og móta .....		29.024.176	20.187.179
Útbreiðslu- og félagsmál .....		60.407.512	58.040.846
Rekstur húsnæðis og annarra eigna .....		16.930.260	16.821.211
Framlög til háskóla .....	9	13.500.000	18.000.000
Afskriftir .....	3	14.576.973	9.130.072
		<u>614.530.553</u>	<u>461.510.341</u>
<b>(Rekstrartap)</b>		<b>(38.889.601)</b>	<b>(11.556.393)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og gengishagnaður .....		5.887.281	6.656.851
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(1.290.264)	(621.043)
		<u>4.597.018</u>	<u>6.035.808</u>
<b>(Tap) ársins</b>		<b><u>(34.292.584)</u></b>	<b><u>(5.520.585)</u></b>

Árgjöld 2015 eftir aðildarfélögum



## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýringar	31.12 2015	31.12 2014
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:			
Vefsíða SA .....	3	5.143.839	7.135.002
		<u>5.143.839</u>	<u>7.135.002</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir: .....	3		
Fasteign, Borgartún 35 .....		101.131.824	90.854.537
Sumarhús .....		3.333.221	3.425.811
Bífreið .....		3.675.000	0
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld .....		31.252.947	21.038.755
		<u>139.392.992</u>	<u>115.319.103</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum og stofnfé .....	4	25.250.000	25.250.000
		<u>25.250.000</u>	<u>25.250.000</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>169.786.831</b>	<b>147.704.105</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		9.583.576	9.547.794
Árgjöld aðildarfélaga .....	6	95.028.362	54.611.163
Aðrar kröfur á aðildarfélög .....	6	45.800.955	44.550.541
Krafa á aðildarfélög vegna afkomu þjónustusviðs .....	5	1.052.751	0
Krafa á tengda aðila .....	7	251.854	1.411.854
Sjóður og bankainnstæður .....		179.830.246	219.891.161
		<u>331.547.744</u>	<u>330.012.513</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>501.334.575</u></b>	<b><u>477.716.618</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	5	366.039.397	400.331.981
		<u>366.039.397</u>	<u>400.331.981</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		70.422.332	38.681.502
Fyrirfram innheimt vegna verkefnið Áttin .....		19.352.145	0
Skuld við aðildarfélög .....		0	25.874.028
Skuld við tengda aðila .....	7	45.520.700	6.181.251
Skuldbinding við aðildarfélög vegna Rekstrarfélags .....	5	0	6.647.857
		<u>135.295.178</u>	<u>77.384.638</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>501.334.575</u></b>	<b><u>477.716.618</u></b>




# VINNUDEILUSJÓÐUR

## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýringar	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld aðildarféлага .....		47.812.984	42.872.287
Húsaleiga .....		18.051.903	11.404.135
Hreinar fjármunatekjur .....	3	281.465.956	153.795.142
Aðrar tekjur .....		24.700.628	123.934
		<u>372.031.471</u>	<u>208.195.498</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstrarkostnaður húsnæðis .....	10	23.182.877	25.660.223
Þóknun vegna fjárvörslu .....	7	4.500.000	4.500.000
Innheimtukostnaður og annar kostnaður .....		9.190.639	6.463.695
		<u>36.873.516</u>	<u>36.623.918</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		335.157.955	171.571.580
<b>Reiknuð gjöld vegna ávöxtunar</b>			
Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs .....		0	(3.986.317)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>335.157.955</u>	<u>167.585.263</u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12.2015



Nafnávöxtun verðbréfaeignar var 8,0% og raunávöxtun 5,6%

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýringar	2015	2014
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		204.607.960	162.238.437
Viðskiptakröfur .....		47.080.862	8.925.128
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	4	1.728.494.742	1.477.526.922
Verðbréf með föstum tekjum .....	4	579.412.577	650.818.999
Eignarhlutur í dótturfélagi .....	5	2.303.070	2.747.073
Krafa á dótturfélag .....	7	39.815.851	40.164.013
Krafa á tengda aðila .....	7	45.520.700	10.557.375
Áhöld, tæki og innréttingar .....	6	16.319.745	12.094.694
Fasteign .....	6	<u>362.223.668</u>	<u>337.236.469</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.025.779.176</u></u>	<u><u>2.702.309.110</u></u>
<b>Skuldir</b>			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....		0	7.363.145
Óuppgerð viðskipti við fjárvörsluaðila .....		0	1.564.638
Skuldir við tengda aðila .....	7	0	4.376.124
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>2.907.323</u>	<u>1.291.306</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>2.907.323</u></u>	<u><u>14.595.213</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	3.022.871.853	2.687.713.897
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>3.025.779.176</u></u>	<u><u>2.702.309.110</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

